Svíar hrífast af Önnu Grétu



Menning ➤ 24

Dýnamíkin í Gusgus á filmu



Lífið ➤ 26




FRÉTTABLAÐIÐ

77. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 21. APRÍL 2022




„Sumarið heilsar með blíðu, ekki síst norðan heiða,“ segir Haraldur Ólafsson veðurfræðingur sem er bjartsýnn, líkt og Páll Bergþórsson og Siggi stormur. SJÁ SÍÐU 2. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Fjórðungur Eflingarfólks styður uppsagnirnar

Nærri tveir þriðju félagsmanna Eflingar eru óánægðir með uppsagnir skrifstofufólksins. Eldra og tekjulægra fólk líklegra til að styðja þær.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VINNUMARKAÐUR** 27 prósent fólks í Eflingu styðja uppsagnir starfsfólks skrifstofunnar 11. apríl síðastliðinn. 64 prósent eru óánægð með þær.

Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Prósent gerði fyrir Fréttablaðið.

Uppsagnirnar hafa valdið gríðarlegri ólgu innan verkalýðshreyfingarinnar. Hefur ákvörðun Sólveigar Önnu Jónsdóttur, nýendurkjörins formanns, og stjórnar Eflingar, verið gagnrýnd af Drífu Snædal, forseta Alþýðusambandsins, Vilhjálmi Birgissyni, formanni Starfsgreinasambandsins, og fleirum.

Alls eru 67 prósent landsmanna óánægð með uppsagnirnar, þar af 55 prósent mjög óánægð. 17 prósent eru ánægð og þar af tæplega 10 prósent mjög ánægð. 16 prósent tóku ekki afstöðu.

Töluverður munur er á svörum eftir stjórnmálaskoðunum. Mestur er stuðningurinn innan raða Sósíalistaflokksins, 59 prósent, en Sólveig Anna hefur setið á lista flokksins í tvennum kosningum.

Meirihluti stuðningsfólks Flokks fólksins styður einnig uppsagnirnar, 52 prósent, og 38 prósent Miðflokksmanna, á meðan 54 prósent eru á móti.

**Ertu ánæg(ð)(ur)(t) með ákvörðun Sólveigar Önnu Jónsdóttur að segja upp starfsfólki Eflingar?**




Öllu minni stuðningur finnst í öðrum flokkum. 18 prósent Samfylkingarfólks styðja uppsagnirnar, 15 prósent Pírata, 10 prósent Vinstri grænna og 8 prósent Sjálfstæðismanna og Framsóknarmanna. Minnstur er stuðningurinn meðal stuðningsfólks Viðreisnar, aðeins tæp 4 prósent.

Nánast enginn munur er á svörum eftir kynjum en heldur meiri andstaða er á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, 71 prósent á móti 60. Eldra fólk er ánægðara en það yngra, á meðal 25 til 34 ára er hann aðeins 7 prósent en 30 hjá 65 ára og eldri.

23 prósent þeirra sem hafa undir 400 þúsund krónur í mánaðartekjur eru ánægð með uppsagnirnar en á bilinu 11 til 12 prósent þeirra sem hafa yfir 600 þúsund krónur. Sömu línur má sjá hjá þeim sem eru aðeins með grunnskólapróf og þeim sem hafa háskólapróf, en svör iðnmenntaðra eru blandaðri.

Þó að stuðningur Eflingarfólks sé aðeins 27 prósent, er það þó hærra en hjá öðrum stéttarfélögum. 15 prósent fólks í VR styðja uppsagnirnar og 14 prósent þeirra sem eru í öðrum félögum.

Könnunin var netkönnun, gerð 13. til 19. apríl. Úrtakið var 2.150 einstaklingar, 18 ára og eldri, og svarhlutfallið 50,3 prósent. ■





Fæstir fá hreindýraveiðileyfi.

## Hreindýrakvóti dregst saman

emd@frettabladid.is

**SKOTVEIÐI** Mikil ásókn var í hreindýraveiðileyfi fyrir næsta sumar. Bárust nær 3.300 umsóknir til Umhverfisstofnunar en einungis þriðjungurinn fékk leyfi.

Veiði er heimiluð á 1.021 hreindýri. Þótt eindagi greiðslu fyrir leyfi sé liðinn er óljóst hversu margir ætla ekki nýta sér þau.

„Í gegnum árin hefur um 15 til 20 prósentum af úthlutuðum veiðileyfum verið skilað inn á þessum tíma, en það getur verið mismunandi milli svæða og eftir kynjum,“ segir Jóhann G. Gunnarsson, sérfræðingur á sviði veiðistjórnunar.

„Ég er með langan biðlista á öllum svæðum út allt veiðitímabilið, þannig að ég reyni að koma leyfunum út í næstu viku, eða um leið og það er ljóst hversu mörg þau eru,“ segir Jóhann.

Talverður samdráttur hefur verið í hreindýraveiðikvóta síðustu ár. Kvóti minnkaði um nær 200 dýr milli 2021 og 2022. ■

## Niðurrif á Laugavegi



Litið stendur nú eftir af timbuhúsinu Laugavegi 157 sem verið er að rífa. Íbúðarhúsið var byggt fyrir rúmum eitt hundrað árum og var sagt þarfnast mikilla endurbóta er það var auglýst til sölu í fyrra. Samkvæmt deiliskipulagi má byggja nær fjórfalt stærra hús á lóðinni, eða allt að 568 fermetra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Blaðamaður krefst úrskurðar dómara um vanhæfi lögreglunnar í símamáli

adalheidur@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Meint vanhæfi embættis lögreglunnar á Norðurlandi eystra til að fara með rannsókn á meintum lögbrotum fjögurra blaðamanna í tengslum við símagögn fyrrverandi skipstjóra hjá Samherja, er til meðferðar hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Fjórum blaðamönnum var tilkynnt 14. febrúar að þeir hefðu réttarstöðu sakbornings við lögreglurannsókn á brotum gegn ákvæðum um friðhelgi einkalífs. Voru þeir boðaðir til skýrslutöku af því tilefni.

Einn þeirra, Aðalsteinn Kjartansson blaðamaður á Stundinni, krafðist úrskurðar dómara um hvort heimilt væri að boða hann til skýrslutöku vegna málsins. Fór málið gegnum dómstigin þrjú en því var að lokum vísað frá dómi í Hæstarétti þann 16. mars síðastliðinn. Lögreglunni hefði þá ekkert verið að vanbúnaði að hefja skýrslutökur hefði ekki verið fyrir nýja kröfu annars blaðamanns úr hópi hinna ákærðu, nú vegna meints vanhæfis ákærandans í málinu og alls embættis lögreglunnar á Norðurlandi eystra.

Samkvæmt heimildum blaðsins er niðurstöðu héraðsdóms að vænta eftir helgi. ■

» Ágreiningsmál fyrir dómstólum hafa tafið yfirheyrslur yfir fjórum blaðamönnum.





Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM
með og án rafmagns lyftibúnaði

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is


# Sumarið 2022 stefnir í að verða sumar Vestfirðinga

Margt bendir til að veðrið í sumar verði endurtekning á sumrinu í fyrra. Gott fyrir norðan, rakt fyrir sunnan. Vestfirðingar gætu staðið uppi með pálmann í höndunum, að sögn Sigga storms.

bth@frettabladid.is

**VEÐUR** Nú á fyrsta degi sumars bíða landsmenn með eftirvæntingu eftir betri tíð. Siggi stormur veðurfræðingur hefur rýnt í evrópsk og amerísk veðurlíkön og hann segir að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum horfi ágætlega með sumarið.

„Mér sýnist allt ætla að þróast þannig samkvæmt spánum að það geti orðið endurtekning frá síðasta sumri. Veðrið betra norðanlands en sunnan. Að líkindum meiri úrkoma sunnanlands en norðan,“ segir Siggi.

Lægðagangurinn virðist stefna sunnan við land þannig að viðbúið er að Bretarnir fái dálitla rigningu í sumar.

„Það sem vekur athygli mína er hve Vestfirðir virðast ætla að koma sterkir inn. Þar gæti orðið hlýtt loft og þurrt og hiti vel yfir meðalári. Þetta gæti orðið sumar Vestfirðinga,“ segir Siggi stormur.

Páll Bergþórsson, fyrrverandi Veðurstofustjóra og heimilisvin landsmanna frá fornu fari, vantar aðeins rúmt ár í að verða 100 ára gamall. Eigi að síður fylgist hann vel með veðri og veðurhorfum.

„Það hefur orðið sú breyting að nú er töluvert hlýrra um allan heim en fyrir nokkrum áratugum. Mér finnst von til að það verði hlýtt áfram og fari hlýnandi fram í miðjan júlí – þá er yfirleitt hámarkið hér,“ segir Páll.

Erfiðara er að spá fyrir um magn úrkomu í sumar, að sögn Páls.

„Hún er duttlungafyllri. En mér sýnist að það gæti orðið rakt og hlýtt sumar, einkum miðað við það sem maður vandist á árum áður,“ segir Páll, sem ungur fékk áhuga á veðri. Enn sé hann „fastur í þessu“ eins og hann segir. „Það er engin tilhlökkun að hafa ekkert að gera þannig að ég reyni að grúska eitthvað.“



Páll Bergþórsson segir mikinn mun á tíðarfarinu nú og fyrir nokkrum áratugum. Vel horfir með veðrið í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

” Það sem vekur athygli mína er hve Vestfirðir virðast ætla að koma sterkir inn.

Siggi stormur

Haraldur Ólafsson veðurfræðingur horfir björtum augum fram á veginn, líkt og Siggi stormur og Páll. Ekki síst er það sumarbyrjunin sem gæti orðið fréttnæm, að sögn Haraldar.

„Sumarið heilsar með blíðu, ekki síst norðan heiða,“ segir Haraldur.

Hann segir að svalt verði að næturlagi eins og gengur og gerist á þessum árstíma, en horfurnar séu með allra besta móti. Útlit sé fyrir mjög útivistarvænt veður um helgina og eitthvað fram í næstu viku. Mögulega muni helgin fram undan skipa sér í flokk hásumardaga, einkum ef miðað er við vond sumur.

„Helgin fram undan hefði líklega náð langt sumarið 1983 en það sumar er mörgum enn í fersku minni vegna ótíðar og kulda,“ segir Haraldur. ■


GLEÐILEGT
SUMAR!
-20%
Öll reiðhjól
-20%
Sumarleikföng
SAMAN í
60 ÁR
BYKO
Verslaðu á netinu byko.is

# Eldra fólk helst í hættu á að veikjast alvarlega þótt bólusett sé

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir rannsóknir frá Evrópu og Bandaríkjunum sýna að fólk, áttatíu ára og eldra, sé sá hópur sem veikist hvað alvarlegast af Covid-19, smitist það eftir að hafa fengið þrjá skammta af bóluefni. Það sé ástæða þess að eldra fólki verði boðið að þiggja fjórða skammt bóluefnis.

„Þessi fjórði skammtur verður í boði fyrir fólk 80 ára og eldra en einnig yngra fólk sem býr á hjúkrunarheimilum,“ segir Þórólfur.

Lyfjafyrirtækið Moderna hefur hafið rannsóknir á bóluefni sem sérstaklega á að veita vörn gegn ómíkron afbrigði kórónuveirunnar og stefnir að því að geta hafið dreifingu á því næsta haust. Þórólfur segir ekki ástæðu til þess að bíða með frekari bólusetningar vegna þessa. „Þetta gæti tekið mun lengri tíma, það eru jafnvel vísbendingar um að hin bóluefnin veiti betri vernd gegn öðrum afbrigðum veirunnar,“ segir Þórólfur og bendir á að enn geti þróast ný afbrigði.


Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

Á vefsíðunni covid.is segir að 112 einstaklingar hafi látist vegna Covid á Íslandi. Í ómíkron-bylgjunni sem nú gengur yfir höfðu í gærmorgun 34 einstaklingar með Covid látist á Landspítalanum. Þórólfur segir að ef fjöldi allra dauðsfalla á Íslandi sé skoðaður eftir mánuðum megi sjá að óvenju mörg andlát hafi átt sér stað í mars, sérstaklega hjá fólki 70 ára og eldra. Í mars var útbreiðsla smita í samfélaginu mikil og fór fjöldi inniliggjandi sjúklinga með Covid á Landspítalanum hæst í 88 manns dagana 11. og 12. mars.

Þórólfur segir að ekki sé hægt að tengja dauðsföllin beint við Covid, tölurnar sýni þó einnig að dauðsföll hafi verið færri en venjulega í nokkra mánuði bæði á síðasta ári og árið 2020, þegar harðar samkomutakmarkanir voru í gildi hér á landi. ■


Utankjörfundaratkvæðagreiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fangar kjósa eftir helgi fyrstir allra

benediktboas@frettabladid.is

**KOSNINGAR** Fangar í fangelsinu á Hólmsheiði ganga til kosninga á mánudag. Tímasetningar vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022 voru tilkynntar í gær og eru fangarnir fyrstir.

Kosið er utan kjörfundar hjá embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í Holtagörðum. ■

## Mesta ánægja hjá Sjálfstæðiskörlum

kristinnhaukur@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Samkvæmt nýrri könnun Prósents sem Fréttablaðið birti í gær er óánægja mun minni í Sjálfstæðisflokknum en öðrum flokkum með söluna í Íslandsbanka. Sjálfstæðiskarlar undir 35 ára aldri eru ánægðastir.

30 prósent Sjálfstæðismanna eru ánægðir. Þá eru 37 prósent karla en 20 prósent kvenna í flokknum ánægð. Þá eru 41 prósent kjósenda flokksins undir 25 ára ánægð og 40 prósent 25 og 34 ára, sem er umtalsvert hærra en í eldri hópum. ■

# Á fimmta tug dómsmála gegn íslenska ríkinu til efnismeðferðar í Strassborg

**Aðeins örfá mál tengd efnahagshruninu eru enn til meðferðar hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Þar eru tíu íslensk mál tengd meðferð kynferðisbrota og nítján mál tengd Landsréttarmálinu.**

adalheidur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Alls eru 42 íslensk mál til efnismeðferðar hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Þetta kemur fram í skriflegu svari ríkislögmanns við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Mál þessi hafa öll verið tekin til efnismeðferðar og eru á mismunandi stigi. Beðið er dóms í nokkrum þeirra eða ákvörðunar dómstólsins um staðfestingu á sátt eða einhliða yfirlýsingu. Í öðrum á ríkið eftir að skila athugasemdum, að því er fram kemur í svarinu.

Langflest þessara mála varða brot á 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð fyrir óvilhöllum og óháðum dómstól.

Nærri helmingurinn eða nítján mál, tengjast Landsréttarmálinu svokallaða. Um er að ræða mál sem dómararnir fjórir sem ekki voru skipaðir við réttinn í samræmi við lög, tóku þátt í að dæma. Dómstóllinn bauð ríkinu að gera sátt við kærendur í málum þessum með vísan til hins fordæmisgefandi dóms sem kveðinn var upp í yfirdeild réttarins. Í flestum málanna náðust þó ekki sættir þar sem ríkið hafnaði bótakröfum kærenda og krafðist þess í kjölfarið að dómstóllinn felldi málin niður. Ekki liggur enn fyrir hvort fallist verði á þá kröfu eða hvort málunum verði lokið með dómi að lokinni hefðbundinni efnismeðferð.


Nærri helmingur málanna tengist Landsréttarmálinu svokallaða en yfirdeild MDE kvað upp fordæmisgefandi dóm í því máli í desember 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» **Langflest málanna varða brot gegn 6. gr. Mannréttindasáttmálans um réttláta málsmeðferð fyrir óvilhöllum og óháðum dómstól.**

Sex málanna varða vanhæfi dómara vegna hlutabréfaeignar þeirra í föllnu bönkunum eða vegna vensla. Er hér um að ræða síðustu málin sem tengjast efnahagshruninu. Tíu mál varða rannsókn lögreglu á kynferðis- og öðrum ofbeldisbrotum og sjö mál varða ýmis önnur brot á sáttmálanum.

Þegar dómstóllinn hefur tekið ákvörðun um að mál fái efnislega meðferð, fær ríkið tilkynningu um að það sé til meðferðar og er ríkinu veittur frestur til að leita sátta við kærandann. Þá getur ríkið einnig gefið út einhliða yfirlýsingu um að það viðurkenni brot. Þegar ljóst er að sættir verði ekki og yfirlýsing ekki gefin út, tekur ríkið til varna og skilar athugasemdum sínum til dómsins. Kæranda gefst svo kostur á að senda inn athugasemdir við málflutning ríkisins.

Þegar sjónarmið beggja aðila hafa borist dóminum er málið tekið til dóms en á þessu stigi getur dómurinn enn ákveðið að vísa málinu frá dómi að hluta eða öllu leyti.

Yfirgnæfandi meirihluta þeirra mála sem kærð eru til Mannréttindadómstólsins er vísað frá dómi. Alls bárust dómstólnum 35 mál á síðasta ári og var 33 þeirra vísað frá dómi. Málin tvö sem komust í gegnum síuna eru mál Kára Orrasonar og Borys Andrzej Ejryzew sem hlutu dóm í kjölfar mótmæla við dómsmálaráðuneytið og kæra vegna meintra brota gegn ákvæði Mannréttindasáttmálans um tjáningar- og fundafrelsi. ■


LOKAÐ FÖSTUDAGINN 22. APRÍL
OG LAUGARDAGINN 23. APRÍL
VEGNA ÁRSHÁTÍÐARFERÐAR
STARFSMANNA

**Jeep® Wrangler Rubicon 4xe** goðsögnin rafmagnaða hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Bjóðum upp á 35"-37" og 40" breytingapakka.

**Eigum bíla til afhendingar strax!**

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep



KRÓNAN

Gleðilegt sumar!

# OPIÐ Í DAG

## Sumardaginn fyrsta í öllum verslunum!

**Skál fyrir sumrinu!**

Pssst ... ekki vera súr þótt það rigni




Lemon, Mojito, Oran soda

**159** kr. stk.



Íslenska verslunin skilaði 463 milljóna króna hagnaði árið 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Costco sexfaldast í virði á tíu árum

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Virði hlutabréfa í bandaríska verslunarkeðjunni Costco hefur vaxið um rúm 582 prósent frá árinu 2012, samkvæmt greiningarfyrirtækinu Zacks. Keðjan rekur 829 verslanir, þar af eina í Kauptúni, ásamt bensínstöð.

Íslenska verslunin var opnuð í maí árið 2017 og um tíma voru um 70 prósent landsmanna í áskrift hjá henni. Veltan hefur lækkað umtalsvert síðan við opnun en verslunin fór að skila hagnaði árið 2019, um 208 milljónum og 463 milljónum árið 2020.

Í greiningu Zacks kemur fram að 98 prósent innkomu Costco komi frá sölu á varningi en 2 prósent frá sölu áskrifta. Verð á áskriftum hefur verið óbreytt frá opnun, 4.800 krónur. ■

## Sýktar pizzur ekki til Íslands

ragnarjon@frettabladid.is

**FRAKKLAND** Nokkur dauðsföll í Frakklandi, fyrr á þessu ári, hafa verið rakin til E. Coli-smitaðra matvæla framleiddra af Nestlé.

Þetta hefur verið staðfest af frönskum yfirvöldum og hafa yfir 40 einstaklingar leitað réttar síns. Meðal látinna er tólf ára drengur í París og nýfætt barn sem lést aðeins klukkustundum eftir fæðingu.

Umrædd matvæli frá Nestlé hafa ekki verið flutt til Íslands, að því er fram kemur í svari Matvælastofnunar við fyrirspurn Fréttablaðsins. Því hafi ekki verið ástæða til viðbragða af hálfu stofnunarinnar. ■

# Bankasýslan kölluð á teppið á Alþingi eftir helgi

bth@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Jódís Skúladóttir, þingkona VG, segir ekki skrýtið að aðeins eitt prósent stuðningsmanna Vinstri grænna séu ánægðir með lokað útboð Íslandsbanka eins og fram kom í könnun Fréttablaðsins.

„Augljóslega er þarna eitthvað sem hefur ekki farið vel. Okkar upplifun er að það var talað um að þessi leið væri betri en aðrar til að ná í stóra langtíma kjölfestufjárfesta. Svo þegar listinn er birtur kemur annað á daginn,“ segir Jódís.

Fulltrúar frá Bankasýslunni, sem lögð verður niður samkvæmt yfirlýsingu úr stjórnarráðinu, mæta á teppið hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis næsta mánudag.

„Það sem fólki blöskrar er að sjá handvalda einstaklinga. Fyrir það þarf Bankasýslan að svara,“ segir Jódís.

Baldur Þórhallsson, stjórnmálafræðingur, telur athyglisvert hve þétt Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, standi við hlið Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra. Á sama tíma fellur fylgi VG.

> ” Það sem fólki blöskrar er að sjá handvalda einstaklinga. Fyrir það þarf Bankasýslan að svara.
>
> Jódís Skúladóttir, þingkona VG

„Af því að spjótin standa stanslaust á Katrínu þá langar mig að benda á að hvergi hefur komið fram að Katrín hafi farið óvarlega, hún hefur engin vafasöm ummæli látið falla, hún hefur ekki setið í veislum sem hún átti ekki að vera í,“ segir Jódís. „Katrín er hins vegar forsætisráðherra að halda saman ríkisstjórn þar sem okkar stefna er stór stefna af stjórnarsáttmálanum svo sem í umhverfis- og velferðarmálum. Hún þarf að standa með því og það verður að taka með í reikninginn,“ segir Jódís. ■

# Hættulegt að senda kafara á fimmtíu metra dýpi

**Rúnar Steingrímsson hjá löreglunni á Suðurlandi segir hættulegast við björgun flaks flugvélarinnar TF-ABB af botni Þingvallavatns á morgun, verða köfun niður á nær fimmtíu metra dýpi.**

bth@frettabladid.is


Bið eftir björgun flugvélarflaksins í Þingvallavatni er að ljúka en vélin lá undir ís um nokkurt skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**FLUGSLYS** TF-ABB, flugvélin sem fórst með fjórum mönnum í Þingvallavatni, verður hífð upp úr Þingvallavatni á föstudag, eftir tvo daga. Fjórir létust í slysinu, 3. febrúar síðastliðinn.

Um borð í vélinni voru flugmaðurinn Haraldur Diego, ásamt þremur erlendum mönnum frá Bandaríkjunum, Belgíu og Hollandi. Leit að mönnunum og vélinni er ein sú umfangsmesta seinni ár og vakti mikla athygli þegar tókst að koma líkunum á land við erfiðar aðstæður, viku eftir slysið.

Rúnar Steingrímsson hjá lögreglunni á Suðurlandi segir um að ræða flókið verkefni. Um 55 menn muni koma að framkvæmdinni. Þar má nefna lögreglu, kafara, sérsveitir, rannsóknaraðila, björgunarsveitir og einkaaðila sem láta í té ýmsan sérhæfðan tæknibúnað.

Aðgerðin snýst í einfölduðu máli um að koma é flot björgunartæki yfir flugvélarflakinu, kafa niður að flakinu, festa taug við flakið, draga það upp, lyfta því upp úr vatninu og flytja í skýli Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Áskorun verður að sögn Rúnars bjarga öllum rafeindabúnaði úr vélinni.

Rúnar segir að myndir úr sjávardróna sem sendur var niður í vatnið nýverið bendi til að flugvélarflakið hafi komið vel undan ísnum. Flakið er rúmt tonn að þyngd. Bætist við þyngdina þar sem vélin verður full af vatni þegar hún verður dregin upp.

> » Leit hófst að flugvélinni TF-ABB er hún skilaði sér ekki úr útsýnisflugi 3. febrúar síðastliðinn.


Frá slysstað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Hættulegast við þessa aðgerð er að senda kafara niður á tæplega 50 metra dýpi. Við vonum að það gangi vel. Snúnast er sennilega að koma flakinu upp úr vatninu,“ segir Rúnar.

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur slysið til rannsóknar. Helsta spurningin sem leitað er svara við er hvers vegna TF-ABB fór í vatnið með þessum ömurlegu afleiðingum.

Mikil leit var gerð að TF-ABB er flugvélin skilaði sér ekki úr útsýnisflugi austur fyrir fjall. Böndin bárust fljótlega að svæðinu sunnan Þingvallvatns og vestan Úlfljótsvatns.

Morguninn eftir hvarf vélarinnar beindist leitin hins vegar sérstaklega að suðurhluta Þingvallavatns í samræmi við upplýsingar úr síma Bandaríkjamannsins um borð.

Flakið fannst á botni Ölfusvatnsvíkur en lík fjórmenninganna reyndust þá ekki vera um borð. Þau fundust hins vegar í vatninu skammt undan flakinu og var bjargað í land viku eftir slysið.■

ÞAÐ ÞARF EKKI AÐ NEGLA NIÐUR TÍMA Í DEKKJASKIPTI

Renndu við
SÓLNING

Skútuvogur 2, Reykjavík
Fitjabraut 12, Njarðvík
Smiðjuvegur 34, Kópavogur
Hjallahraun 4, Hafnarfjörður



# Allt fyrir vorverkin

**Lavor STM 160 ECO háþrýstidæla**
ECO ENERGY
3 stillingar á þrýsting (einkaleyfi)
Mótor: 2500W, Þrýstingur: 160 bör
Vatnsflæði: 510 l/kls
**31.196** Áður ~~38.995~~ kr.
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR
Stór aukahluta-pakki
WPS WASHING PROGRAMS SYSTEM

**71.996**
Áður ~~89.995~~ kr.
**MOWER CJ20G**
Sláttuvél m/drifi, Briggs&Stratton mótor, rúmtak 150CC, skurðarvídd 51cm 20" Safnpoki að aftan 65L, hliðarútskilun. Skurðhæð og staða 25-75mm/8
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Bio Kleen
**Pallahreinsir**
1 líter
**796** Áður ~~995~~ kr.
5L **3.196** kr. Áður ~~3.995~~ kr.
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

**Kaliber ferðagasgrill**
2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm
**23.996**
Áður ~~29.995~~ kr.
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Blákorn 7kg
**3.455**

Graskorn 5kg
**2.155**

Garðskafa
**1.390**

Pretul greinaklippur
**1.159**

Grasklippur 330mm
**1.795**

Greinaklippur 180mm
**695**

Margnota Meister Ruslapoki PopUp 160litr
**2.385**

Truper garðverkefæri 4 í setti
**1.995**

Greinaklippur 480mm Ø=22mm
**2.245**

Garðhanska Flower
**195**

Hekkklippur
**2.355**

**Sláttuorf Royal Garden FBC310**
Sláttuorf: 1 cylinder loftkældur mótor. 0,7 kW Rúmtak 31CC, Stærð bensíntanks 0,65 L
**25.356**
Áður ~~31.695~~ kr.
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Strákústur 30cm
**955**

Hnjápúði fyrir garðinn EVA
**895**

Garðverkfærasett Klóra, skófla og greinaklippur
**3.116**
Áður ~~3.895~~ kr.
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Truper bogasög
**1.349**

Laufhrífa PREMIUM
**1.325**

Öflugar hjólbörur 90 lítra
**9.596**
Áður ~~11.995~~ kr.
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

**Stök garðverkfæri**
Verð frá kr. **425**

Malarskófla flöt
**1.769**

Kantskeri
**2.190**

Malarskófla 147cm
**1.935**

Stungugaffall
**2.995**

Malarskófla
**1.765**

Hrífa
**2.255**

Hjólbörur 80L
**6.795**

**Weber staurasteypa**
Þyngd: 15kg
**1.085**

Stunguskófla
**2.995**

Truper Haki 5lbs tréskaft
**2.629**

SENDUM UM LAND ALLT!
www.murbudin.is

**MÚRBÚÐIN**
Gott verð fyrir alla í 20 ár
2002 – 2022

Vörumyndir sýna ekki endilega lægsta verð


Tinna Ásgeirsdóttir, formaður dómnefndar, og Dagur B. Eggertsson ásamt verðlaunahöfunum Kristínu Helgu, Sverri og Lindu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Barnabókaverðlaun Reykjavíkur veitt

tsh@frettabladid.is

**BÓKMENNTIR** Linda Ólafsdóttir, Sverrir Norland og Kristín Helga Gunnarsdóttir hlutu Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar 2022 fyrir bækurnar Reykjavík barnanna, Eldhugar: Konurnar sem gerðu aðeins það sem þær vildu og Ótemjur.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitti verðlaunin við hátíðlega athöfn Höfða í gær.

Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar eru veitt í þremur flokkum bóka fyrir börn og ungmenni, flokki bóka frumsaminna á íslensku, flokki myndlýsinga og flokki þýðinga. Um er að ræða elstu barnabókverðlaun landsins, en þau voru fyrst veitt 1973 sem Barnabókaverðlaun fræðsluráðs Reykjavíkur. ■

## Andvíg hænum í bænum í faraldrinum

kristinnpall@frettabladid.is

**HÚSDÝR** Vigdís Hauksdóttir var eini fulltrúi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur sem hafnaði beiðni um leyfi til hænsnahalds á heimili í Skerjafirði. Vigdís telur að það sé verið að bjóða hættunni heim í ljósi frétta af fuglaflensusmitum.


Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi Miðflokksins í Reykjavík

Leyfisbeiðnin um að halda fjórar hænur var lögð fyrir ráðið í vikunni ásamt samþykki frá nágrönnum og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

„Það er mjög óábyrgt að samþykkja þessa tillögu. Nú geisar skæð fuglaflensa í landinu og þegar hefur þurft að drepa hænur á Suðurlandi. Hér er verið að bjóða hættunni heim í að viðhalda þessum bráðhættulega sjúkdómi í landinu. Í raun ríkir neyðarástand í landinu vegna sjúkdómsins, “ kom meðal annars fram í bókun Vigdísar. ■








Frá hjálparstarfi í Medyka þar sem meðal annars var boðið upp á mat og drykk. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Helmingur Úkraínumanna segist hræðast hungursneyð

**Sókn Rússa í austurhluta Úkraínu eykur enn á neyð hungraðra íbúa sem berjast fyrir lífi sínu. Matvælakeðjur hafa rofnað. Hjálparsamtök segja mikla áskorun að koma mat til bágstaddra.**

bth@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Með stórfelldum árásum Rússa á austurhluta Úkraínu síðustu daga hefur neyð úkraínskra íbúa aukist verulega og var ástandið þó slæmt fyrir.

Anne Poulsen, hjá Svæðisskrifstofu Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, World Food Programme (WFP), segir að þrjár til fjórar milljónir Úkraínufólks búi nú við alvarlegan matvælaskort. Allt að helmingur Úkraínufólks hafi áhyggjur af því að finna ekki nóg að borða.

Milljónir flóttamanna hafa flúið Úkraínu. Fleiri eru þó á faraldsfæti innan landsins án þess að hafa komist að landamærum. Enginn veit nákvæmlega umfang flóttamannavandans .

Anne segir að fjórar til fimm milljónir Úkraínumanna, aðallega konur, börn og gamalmenni, hafi þegar flúið land og leitað skjóls í nágrannalöndunum. Á sama tíma hafi 7-8 milljónir manna verið á vergangi innanlands.

> **Við reynum að bjarga mannslífum, óháð því hver þarfnast aðstoðarinnar og hvar.**
>
> Anne Poulsen, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu Matvælastofnunar SÞ

„Við veitum fólki í neyð mannúðaraðstoð. Við reynum að bjarga mannslífum, óháð því hver þarfnast aðstoðarinnar og hvar,“ segir Anne.

Að greina þarfir þess gríðarstóra hóps sem sé nú á ferðinni í Úkraínu í mjög óstöðugu ástandi er mikil áskorun fyrir WFP og samstarfsaðila að sögn Anne. „Stærsta áskorunin er á átakasvæðum, þar sem vantar upp á viðveru mannúðaraðila til að dreifa mat og öðru.“

Einn liður í starfi WFP felst í viðræðum við frjáls félagasamtök og kirkjur. Með því er hægt að auka líkur á að matvæli komist til þeirra sem helst þurfa á að halda.

WFP taldi fyrir síðustu árásir Rússa að tæpur helmingur íbúa Úkraínu hefði áhyggjur af því að finna ekki nóg að borða. Líklegt er að sá hópur hafi stækkað.

„Matur er eitt af þremur helstu áhyggjuefnum íbúanna. Hin tvö áhyggjuefnin eru öryggi og að finna eldsneyti til flutninga,“ segir Anne.

WFP áætlar að einn af hverjum fimm íbúum í Úkraínu hafi fækkað máltíðum. Fullorðnir hafa víða þurft að borða minna svo börnin líði ekki skort. Matvælabirgðakeðja landsins er rofin. Kerfi sem áður sáu um að brauðfæða tugi milljóna eru að liðast í sundur, að sögn Anne. Vörubílar og lestir hafa verið eyðilagðar, flugvellir sprengdir í loft upp, margar brýr hafi fallið, matvöruverslanir hafa verið tæmdar sem og vöruhús.

Mánaðarlegur viðbótarkostnaður WFP vegna þessa ástands er um fjórir milljarðar Bandaríkjadala. Kostnaður vex eftir því sem stríðið dregst. Árásir síðustu sólarhringa hafa enn aukið á vanlíðan íbúanna.

Stuðningur íslenskra stjórnvalda hefur meðal annars falist í framlögum til mannúðarstarfs og neyðarviðbragða á vegum Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins vinnur að því að aðstoða Íslendinga og fjölskyldur þeirra í Úkraínu, Rússlandi og nærliggjandi löndum. ■







# Gleðilegt sumar!

Nú er rétti tíminn til að gera garðinn kláran fyrir sumarið.
Glæsilegt úrval af vorplöntum, verkfærum, áburði
og öllu sem þarf í garðvinnuna.

— ★ ★ ★ —






Ný sending af
Lavenderplöntum
og kryddjurtum








GARÐHEIMAR

opið alla daga 10 - 21 & allan sólarhringinn á gardheimar.is

# Reglurnar heimiluðu þátttöku starfsmanna

**Verðbréfamiðlun Íslandsbanka var einn söluaðila hins umdeilda hlutafjárútboðs, þegar 22,5 prósenta hlutur ríkisins var seldur í lokuðu útboði til fag- og stofnanafjárfesta eftir lokun markaðar 22. mars síðastliðinn.**

olafur@frettabladid.is




Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, sem hér sést hringja bjöllu kauphallarinnar á fyrsta degi viðskipta með hlutabréf í bankanum í kauphöllinni í júní í fyrra, segir reglur bankans um viðskipti starfsmanna verða rýndar í kjölfar gagnrýni á framkvæmd útboðs á hlutum ríkisins í síðasta mánuði. MYND/AÐSEND

Mikil eftirspurn var eftir hlutum og þurftu söluaðilar að skerða verulega úthlutun til viðskiptavina sinna. Stórir fjárfestar hafa kvartað undan lítilli úthlutun og lýst því yfir að hægt hefði verið að fá talsvert hærra verð fyrir hlutinn, en hann var seldur með rúmlega 4 prósenta afslætti frá lokaverði á deginum, þrátt fyrir mikla umfram eftirspurn.

Meðal kaupenda í útboðinu var Ásmundur Tryggvason, framkvæmdastjóri fyrirtækja og fjárfesta Íslandsbanka, Ari Daníelsson, stjórnarmaður í bankanum, og Ríkharður Daðason, fjárfestir og eiginmaður samskiptastjóra bankans. Kaup þeirra voru flöggunarskyld til kauphallar, þar sem þeir eru skilgreindir sem innherjar í Íslandsbanka.

Einnig voru meðal kaupenda tveir starfsmenn Verðbréfamiðlunar Íslandsbanka, sem var einn söluaðila útboðsins; Ómar Özcan, og Geir Oddur Ólafsson, sem keypti fyrir rúma 1,1 milljón, sem var lægsta fjárhæð viðskipta í útboðinu.

Athygli hefur vakið að regluvörður Íslandsbanka skuli hafa heimilað starfsmönnum verðbréfamiðlunar bankans kaup á hlutum í útboðinu og þeir hafi ekki verið skilgreindir sem innherjar. Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins, sagði í viðtali við Stöð 2 í síðustu viku að slíkt fæli í sér hagsmunaárekstur og hann þekkti ekki til þess að slíkt liðist við hlutafjárútboð á erlendum mörkuðum – það geti skaðað orðspor fjármálafyrirtækjanna.

Fjármálaeftirlitið rannsakar nú þátttöku starfsmanna söluaðila útboðsins í sjálfu útboðinu.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Birna Einarsdóttir regluvörð Íslandsbanka starfa eftir reglum sem stjórn bankans setur. Aðspurð um það hvort hún teldi reglur bankans fullnægjandi í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið og þess að fullyrt er að á erlendum mörkuðum fengju starfsmenn söluaðila ekki að taka þátt í útboðum af þessu tagi, sagði Birna reglur bankans um þátttöku starfsmanna í útboðum verða rýndar í framhaldinu.

„Núgildandi reglur bankans heimila starfsmönnum Verðbréfamiðlunar að leggja fram skuldbindandi óafturkræft tilboð, að fenginni heimild regluvörslu, við upphaf tilboðstímabils. Mörk eru sett um hámarksáskrift starfsmanna og reglurnar kveða á um 30 daga lágmarkseignarhaldstíma starfsmanna.“

Birna segir starfsmenn sem tóku þátt skilgreinda sem fagfjárfesta og þeir hafi uppfyllt öll þátttökuskilyrði útboðsins.

„Umsjón með tilboðsbók útboðsins var ekki hjá Verðbréfamiðlun og Íslandsbanki var einn af átta söluaðilum útboðsins. Sömu reglur giltu um þátttöku starfsmanna bankans í hlutafjárútboði bankans síðastliðið vor, eins og skýrlega kom fram án þess að gerðar væru athugasemdir við efni þeirra af hálfu Bankasýslunnar eða annarra,“ segir Birna.

Hún vildi ekki tjá sig um það hvort reglur bankans um viðskipti starfsmanna væru á skjön við það sem þekkist á erlendum mörkuðum. Sagði hún bankann vera að fara yfir reglurnar og framkvæmd þessa útboðs sérstaklega. Það starf færi meðal annars fram vegna beiðni Fjármálaeftirlitsins um upplýsingar. Frestur til að skila svörum til FME er til 25. apríl og fyrir þann tíma mun Íslandsbanki ekki tjá sig frekar efnislega um málið, að sögn Birnu Einarsdóttur, bankastjóra. ■

> **Núgildandi reglur bankans heimila starfsmönnum Verðbréfamiðlunar að leggja fram skuldbindandi óafturkræft tilboð, að fenginni heimild regluvörslu, við upphaf tilboðstímabils.**
>
> Birna Einarsdóttir

> **Sömu reglur giltu um þátttöku starfsmanna bankans í hlutafjárútboði bankans síðastliðið vor, eins og skýrlega kom fram án þess að gerðar væru athugasemdir við efni þeirra af hálfu Bankasýslunnar eða annarra.**
>
> Birna Einarsdóttir




**Gildi-lífeyrissjóður**
*Ársfundur 2022*

*Grand Hótel Reykjavík,*
*fimmtudaginn 28. apríl kl. 17:00*

**Dagskrá:**
- Hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
- Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
- Önnur mál

Við bjóðum sjóðfélaga velkomna á fundinn.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.

GILDI
Lífeyrissjóður
www.gildi.is


# Áskorun verði að fá fólk til starfa í greininni

magdalena@frettabladid.is

Það verður áskorun að fá fólk til starfa í ferðaþjónustunni nú þegar greinin er komin á fullt skrið eftir rúmlega tvö ár af heimsfaraldri. Þetta sagði Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, í sjónvarpsþættinum Markaðinum sem sýndur var á Hringbraut í gærkvöldi.

„Það kann að vera að það verði töluvert erfitt að fá fólk til starfa í greininni,“ segir Jóhannes, en bætir við að staðan nú sé þó betri en í fyrra.

„Við erum í betri stöðu varðandi sérþekkinguna, það er að segja sérlærða leiðsögumenn, kokka og þjóna, en staðan er slæm, einkum meðal þeirra starfa sem ekki krefjast sérþekkingar. Við munum líklega koma til með að þurfa að flytja inn meira vinnuafl en við höfum áður gert. Fái menn fólk verður líka áskorun að finna fyrir það húsnæði á mörgum stöðum á landinu.“

Í þættinum var einnig rætt um kjaramál, horfur og hvernig greininni hafi gengið í og eftir Covid. ■

> **Við munum líklega koma til með að þurfa að flytja inn meira vinnuafl en við höfum áður gert.**



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar




Á hverju vori frá 2004 hafa **Eimskip og Kiwanisklúbbarnir fært öllum börnum í fyrsta bekk reiðhjólahjálm að gjöf.** Þannig höfum við lagt okkar af mörkum við að tryggja öryggi ungra vegfarenda.

**Við komum góðu til leiðar!**

EIMSKIP

# Pólitísk ábyrgð



**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur ætlar að freista þess að bíða af sér söluklúður á rösklega tuttugu prósenta hlut þjóðarinnar í Íslandsbanka. Pólitískri ábyrgð á góðvinavæðingu sölunnar á til skamms tíma að velta yfir á opinbera starfsmenn Bankasýslunnar, en til langs tíma á að fresta henni fram yfir langdregna úttekt Ríkisendurskoðunar á innanbúðarspillingunni. Íslenskara getur það ekki orðið.

En þjóðin hefur séð í gegnum gjörninginn. Og þótt hún sé orðin ýmsu vön af ábyrgðarleysinu í íslenskri pólitík lætur hún ekki lengur blindast svo auðveldlega af þeim orðavaðli að allt sé þetta öðru fólki að kenna.

Bankasalan er á ábyrgð ríkjandi stjórnvalda. Undirbúningur sölunnar og aðferðafræði hennar er byggð á vitneskju og samþykki fjármálaráðherra og forsætisráðherra – og eftir atvikum annarra ráðherra við ríkisstjórnarborðið. Það er ekki öðru valdi til að dreifa.

Og það sem hér hefur gerst er reginhneyksli, en þó raunar svo gamalkunnug spilling af einbeittari gerðinni, að öllu sæmilega þenkjandi fólki hlýtur að sárna það mjög að valdhafar hafi lítið sem ekkert lært af fyrri tíma klambri í sölu á ríkisbönkum.

Alvarleiki málsins er jafn einfaldur og hann er sár. Seljendur bankans handvöldu kaupendur. Þeir hnipptu í vini sína svo þeir gætu hagnast ríkulega yfir nótt á eigin þjóð.

Það eina ánægjulega við þennan átakanlega skussahátt er að þjóðin er svo til öll á sama máli og lýsir andúð sinni á sölunni. Annað verður ekki ráðið af skoðanakönnuninni sem Prósent gerði fyrir Fréttablaðið og birt var á útsíðu þess í gærdag.

> **”** Alvarleiki málsins er jafn einfaldur og hann er sár. Seljendur bankans handvöldu kaupendur. Þeir hnipptu í vini sína svo þeir gætu hagnast ríkulega yfir nótt á eigin þjóð.

Alls 83 prósent þjóðarinnar eru óánægð með fyrirkomulag sölunnar, en aðeins sjö prósent ánægð með hana – og þótt Sjálfstæðismenn séu kannski eðli málsins samkvæmt mest upp með sér yfir viðskiptunum, eru þó 44 prósent þeirra óánægð með söluna. Það eru tíðindi, ekki síður en þau að aðeins fimm prósent Framsóknarmanna eru ánægð með söluna og eitt prósent fylgjenda Vinstri grænna.

En ráðherrarnir yppa öxlum og eru raunar svo upplitsdjarfir að þeir sjá enga ástæðu til þess að einn mikilvægasti þáttur þingstarfanna, eftirlitshlutverkið, sé virkjaður vegna þessa hörmulega háttalags við sölu á ríkiseignum.

Í staðinn á að veðja á Ríkisendurskoðun, sem mun aldrei geta tengt saman alla þá þræði sem nauðsynlegt er í þessu máli, svo sem að upplýsa um hlutverk milliliðanna í sölunni. En til þess er leyndin líklega valin. ■




## Halldór




## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

**Báknið burt**
Allt frá því stuttbuxnadeildin í þáverandi frjálshyggjuþenkjandi Sjálfstæðisflokki hamraði á slagorðinu Báknið burt á áttunda áratug síðustu aldar, eða fyrir bráðum hálfri öld, hefur lítið sem ekkert borið á efndum í þeim efnum, enda hefur reynslan kennt hinum dæmigerða hægrimanni sem breytist í íhaldsmann með árunum, að báknið verður að hafa pláss fyrir hann í þægilega innivinnu sem meira er borgað fyrir en semur viðverunni. Þess vegna fór báknið aldrei burt, af því að ráðningarþjónusta pilsfaldakapítalismans var bara einfaldlega þægilegri en niðurskurðurinn.

**Nýja leiðin**
En nú hafa sömu hægrimenn komið sjálfum sér á óvart og hnotið um alveg einstaklega frumlega leið til að efna loksins inntakið í gamla slagorðinu. Hún gengur í stuttu máli út á það að leggja niður þær stofnanir sem geta tekið höggið af skandölum sinna ráðherra. Bankasýsla ríkisins hlýtur að gefa tóninn fyrir það sem koma skal. Og hið líflega og einstaklega spennandi Félag forstöðumanna ríkisstofnana verður fyrir vikið að kalla til almennilega langs fundar um þann ugglýsa ótta að stofnanir þeirra verði hver af annarri lagðar niður um leið og ráðherrarnir renna til á svellinu. ■

# Rannsökum málið undanbragðalaust



**Þórunn Sveinbjarnardóttir**
formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

Íslendingar hafa slæma reynslu af einkavæðingu banka. Í ljósi hennar var á Alþingi lagt kapp á að setja eignarhaldi ríkisins á bönkum skýra lagaumgjörð, m.a. með stofnun Bankasýslu og setningu sérstakra laga um það hvernig skuli staðið að sölu eignarhluta ríkisins – almennings – í bönkum. Nú er þetta fyrirkomulag í uppnámi og krafan um rannsókn á sölu 22,5% hlutar ríkisins í Íslandsbanka skýr og skiljanleg. Það eina sem erfitt er að skilja í stöðunni er afstaða ríkisstjórnarflokkanna til málsins.

Alþingi getur lögum samkvæmt sett á fót rannsóknarnefndir sem hafa víðtækar heimildir til gagna- og upplýsingaöflunar. Einstaklingum, lögaðilum og stofnunum er skylt að afhenda rannsóknarnefnd gögn, og lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki rétt rannsóknarnefnda til upplýsinga. Þær hafa einnig heimildir til þess að kalla einstaklinga til skýrslugjafar og úrræði til þess að fá einstakling kallaðan fyrir dóm, verði hann ekki við ósk um skýrslugjöf. Lögin hafa einnig að geyma ákvæði um réttarstöðu einstaklinga fyrir rannsóknarnefnd og vernd uppljóstrara. Rannsóknarnefnd er sjálfstæð í störfum sínum og lýtur ekki fyrirmælum neinna.

Skoðunarheimildir ríkisendurskoðanda afmarkast við þá aðila sem falla undir starfssvið hans. Hann skal í störfum sínum hafa eftirlit með nýtingu tekna ríkisins og meðferð fjárheimilda og að ráðstöfun þeirra sé hagkvæm og í samræmi við forsendur og ákvarðanir Alþingis. Í svari sínu við beiðni fjármála- og efnahagsráðherra um úttekt á bankasölunni vísaði Ríkisendurskoðun ekki til lagaákvæða um meginverkefni stofnunarinnar, heldur til greinar þar sem vísað er til sérstakra ástæðna og heimildar til gjaldtöku.

> **”** Það eina sem erfitt er að skilja í stöðunni er afstaða ríkisstjórnarflokkanna til málsins.

Heimildir rannsóknarnefnda eru víðtækari og annars eðlis en þær sem ríkisendurskoðandi býr yfir. Á þessu tvennu er grundvallarmunur og því mikilvægt að Alþingi setji á fót rannsóknarnefnd um bankasöluna. Á það verður látið reyna strax og þing kemur saman á ný. ■

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
**VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Völd án áhrifa

## Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Viðbrögð almennings við bankasölumálinu minna um margt á Wintris-málið 2016, sem var þó miklu minna. Pólitísku varnarviðbrögðin eru hins vegar allt önnur nú en þá. Í Wintris-málinu skutu fáir þingmenn skildi fyrir forsætisráðherra. Hann lagði fjármálaeftirlitið ekki niður og baðst lausnar. Í bankasölumálinu enduróma þingmenn VG og Sjálfstæðismanna gagnrýni almennings en halda ráðherrunum þó í armslengdarfjarlægð frá allri ábyrgð. Ráðherrarnir leggja svo Bankasýsluna niður.

Viðskiptaráðherra er undantekningin frá þessari breiðu samstöðu um armslengd milli ákvarðana og ábyrgðar. Hún vill að pólitíkin axli ábyrgð á því sem úrskeiðis fór, lögum samkvæmt. Þessi sérstaka uppákoma kallar síðan fram þá mynd af Framsókn við ríkisstjórnarborðið að það vanti jafnaðarmerki milli valda og málefnalegra áhrifa hennar.

**Dæmi 1**
Í stjórnarsamstarfinu semja allir flokkarnir venju samkvæmt um hvernig ráðherrastólum er skipt. Aftur á móti eru það fyrst og fremst VG og Sjálfstæðismenn, sem semja um málefni. Málamiðlanir milli þeirra eru einnig óvenjulegar. Þær felast ekki í því að fara milliveg á einstökum málasviðum, heldur fær hver flokkur að fara öllu sínu fram á sínum stólum. Þetta á þó ekki alfarið við um mál sem þarfnast lagabreytinga. Þar gildir neitunarvaldsregla.

Þetta hentar Framsókn vel. Hún getur stutt mál lengst til vinstri og lengst til hægri á öllum sviðum. Áður fyrr náði hún yfir lengri tíma að vera að meðaltali á miðjunni með því að semja til skiptis um ríkisstjórn til vinstri og hægri. Í þessu samstarfi nær hún meðaltalinu jafnóðum. Þannig blómstrar Framsókn í logni. En í mótvindi kemur málefnalegt áhrifaleysi í ljós.

**Dæmi 2**
Eftir að reiðin blossaði upp hjá almenningi með bankasöluna upplýsti viðskiptaráðherra að hún hefði í byrjun lagt til opið söluferli en talað gegn því lokaða ferli, sem samstarfsflokkarnir sameinuðust um. Jafnframt greindi hún frá því að hún hefði séð afleiðingarnar fyrir. Þessar upplýsingar vörðuðu almannahag. Ráðherra braut því siðareglur ríkisstjórnarinnar með því að halda þeim leyndum fyrir Alþingi. En þessi ágreiningur varpar líka skýru ljósi á áhrifaleysi Framsóknar.

Varaformaður flokksins, sem tryggði framhaldslíf ríkisstjórnarinnar, leggst gegn lokaðri sölu í ráðherranefnd um efnahagsmál og í ríkisstjórn. Formenn samstarfsflokkanna, sem töpuðu, virða það sjónarmið að vettugi. Forsætisráðherra hefur ekki einu sinni fyrir því að skýra út hvers vegna hún studdi fremur tillögu fjármálaráðherra en ráð þess ráðherra, sem fer með samkeppnismál og neytendavernd. Sjálfstæðismenn segja að viðskiptaráðherra einangrist fyrir að hafa kjaftað frá. Það komi í ljós með skertum fjárveitingum til hennar.

**Dæmi 3, 4, 5 og 6**
Eftir samkomulag um nýjan stjórnarsáttmála greindi viðskiptaráðherra frá því að nauðsynlegt væri að stórhækka veiðigjöld og sérstakan bankaskatt. Forsætisráðherra og fjármálaráðherra blésu á þessar tillögur eins og þær væru rykagnir á nýfægðu borði ríkisstjórnarinnar. Formaður Framsóknar studdi varaformann sinn dyggilega. En kersknisleglum spurningum um efndir svaraði hann þannig, að skilja mátti, að þrátt fyrir skýra stefnu hafi aldrei staðið til að semja um framgang hennar í þessu stjórnarsamstarfi.

Barnamálaráðherra til fimm ára sagði þjóðinni að hann væri fyrsti farsældarráðherra barna. Þegar árangurinn var mældur eftir kosningar kom í ljós að biðlistar barna eftir félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu höfðu lengst með hverju ári, sem hann hefur setið. Sami ráðherra hét tveimur þjóðarleikvöngum. Landsliðsþjálfarinn í handbolta lýsti árangrinum í dymbilvikunni. Þannig fer stundum fyrir fagráðherrum, sem hafa lítil áhrif en lofa upp í ermina á fjármálaráðherrum.

**Dæmi 7**
Leiðtogi Framsóknar í borgarmálum segist sammála hugmyndum minnihlutans um skipulag byggingarlóða og almenningssamgöngur. Jafnframt segist hann fella sig vel við stefnu meirihlutans á þessum sviðum. Fyrir vikið geti Framsókn fyrirhafnarlaust myndað meirihluta með hvorri fylkingunni sem er. Er ekki bara best að kjósa flokk sem vill allt?

Sá böggull fylgir skammrifi að Framsókn ætlar ekki að segja kjósendum fyrr en eftir kosningar hvor leiðin verður valin. Þeir eiga að kaupa köttinn í sekknum.

Helmingur kjósenda Framsóknar mun því engin málefnaleg áhrif hafa, gangi þetta eftir. ■




# Það er mikið undir

Undir yfirborðinu liggja lífæðar sem halda orkustigi hverfisins uppi. Skoðaðu lagnateikningar áður en þú stingur niður skóflu. Þannig er hægt að koma í veg fyrir óþarfa óþægindi sem geta haft áhrif á fjölmarga í nágrenninu.

Upplýsingar um hvernig nálgast má teikningar er að finna á **veitur.is/mikid-undir.**

**Höldum sambandinu órofnu**

veitur.is • S. 516 6000

VEITUR

# Úr neðstu í efstu hillu fótboltans í Garðabæ

**Fyrsta umferð Bestu deildar karla er á enda, en mörg ný andlit setja svip sinn á deildina þetta sumarið. Sindri Þór Ingimarsson, 24 ára gamall Kópavogsbúi, er einn þeirra sem þreytti frumraun sína í efstu deild í vikunni.**

hoddi@frettabladid.is



Sindri Þór með augun á boltanum í leik Stjörnunnar og ÍA. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**FÓTBOLTI** Margir Garðbæingar voru hissa þegar þeir mættu á völlinn í fyrradag þar sem Stjarnan atti kappi við ÍA í Bestu deild karla. Í byrjunarliði Stjörnunnar var lítt þekktur leikmaður, Sindri Þór Ingimarsson, á meðal leikmanna. Þeir Stjörnumenn sem lítið mættu á völlinn í vetur hafa eflaust tekið upp símann og farið að afla sér upplýsinga um hvern væri að ræða. Sindri er 24 ára gamall Kópavogsbúi sem gekk í raðir Stjörnunnar í vetur, hann hafði alla tíð leikið með Augnabliki, sem er varalið Breiðabliks. Liðið leikur í fjórðu efstu deild á Íslandi og því ekki skrýtið að margir hafi orðið hissa að sjá Sindra í byrjunarliði í efstu deild.

Sindri Þór er 24 ára gamall varnarmaður sem ólst upp í Breiðabliki en í meistaraflokki lék hann svo með varaliði félagsins í neðri deildum. Sindri er stór og stæðilegur leikmaður með mikla tækni. Hann viðurkennir að hafa orðið stressaður í gærkvöldi fyrir sinn fyrsta leik í efstu deild. „Það var stress fyrir leikinn en um leið og maður fór að hita upp þá er þetta bara eins og hver annar leikur. Ég hafði spilað mikið á undirbúningstímabilinu og þetta er bara fótbolti,“ sagði Sindri Þór í samtali við Fréttablaðið, um frumraun sína í efstu deild.

Það hjálpaði Sindra að aðlagast nýjum aðstæðum í Garðabæ að hann þekkir þjálfarateymið vel. Jökull Elísabetarson, sem er aðstoðarþjálfari Ágústs Gylfasonar, var þjálfari Sindra í Augnabliki. Jökull hætti sem þjálfari Augnabliks til að fara yfir til Stjörnunnar og var það hans fyrsta verk að sjá til þess að Sindri kæmi með sér í ferðalagið yfir Arnarneshæðina. „Mér hefur liðið ótrúlega vel, ég fíla Jökul Elísabetarson í botn og það hjálpar gríðarlega að hafa hann þarna. Ég veit hvernig hann virkar og hvernig fótbolta hann spilar, það hjálpaði helling þegar ég var að komast inn í þetta. Svo þekkti ég Gústa Gylfa aðeins frá því að hann var með Blikana, þetta var ekki mikil breyting að fara í nýtt umhverfi.“

### Íhugaði að hætta í fótbolta

Að taka skrefið úr næst neðstu deild fótboltans á Íslandi yfir í efstu deild á þessum aldri er mjög óvanalegt. Sindri hefur þó fengið að heyra það í mörg ár að hann væri allt of góður til að vera í neðstu deildum. „Jökull var búinn að segja við mig í einhver fjögur ár að fara frá Augnabliki og að ég ætti ekkert heima þar. Síðan tökum við oft spjallið um að ég eigi heima í þessari efstu deild. Ég bjóst því alveg við því að spila, en svo eru Daníel Laxdal, Brynjar Gauti og Björn Berg sem eru stórir karakterar í Stjörnunni og það er samkeppni um stöðurnar. Ég var því kannski ekkert að búast við því að byrja gegn ÍA en ég taldi það kannski helmingslíkur,“ sagði Sindri, en leiknum lauk með 2-2 jafntefli.

Sindri íhugaði að hætta í fótbolta síðasta haust til að einbeita sér að vinnu, en hann er að klára mastersnám í Háskóla Reykjavíkur í fjármálum fyrirtækja og er í starfsnámi í Íslandsbanka. „Ég var í skóla í Bandaríkjunum og allir vinirnir voru í Augnabliki og mér leið ótrúlega vel þar, ég var ekkert að pæla í því að sækjast í eitthvað stærra. Ég hefði allt eins getað hætt í fótbolta síðasta haust til að einbeita mér að vinnu. Svo fór Jökull yfir í Stjörnuna í nóvember og heyrði í mér, hann bauð mér á nokkrar æfingar og ég ákvað að kýla á þetta,“ segir Sindri um málið.

> ” Ég hefði allt eins getað hætt í fótbolta síðasta haust til að einbeita mér að vinnu.

### Engar æfingar seint á kvöldin

Sindri Þór segir breytinguna við það að færa sig yfir í Stjörnuna ekki mikla en hann fagnar því þó að vera ekki lengur að æfa fram á miðja nótt. „Þetta er mjög svipað, metnaðurinn var 100 prósent þegar ég var í Augnabliki og ég æfði mikið. Stóri munurinn er kannski æfingatíminn, í Stjörnunni er æfing 16.30 en ekki 21.00 eins og í Augnabliki. Svo fáum við mat eftir leiki, það er pottur á svæðinu. Það er allt við þetta miklu betra,“ segir Sindri.

Eftir að hafa fengið smjörþefinn af efstu deild vill Sindri meira og ætlar sér að halda stöðunni í liði Stjörnunnar. Stjarnan er með ungt og spennandi lið í Bestu deildinni í sumar. „Þegar maður hefur fengið smjörþefinn af þessu þá vill maður bara meira.“ ■

# Skandall ef Valur og Haukar fara ekki áfram í undanúrslit

hoddi@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Arnar Daði Arnarson, þjálfari Gróttu í Olís deild karla, á von á spennandi úrslitakeppni í handboltanum, en ballið byrjar í kvöld með tveimur leikjum. Um er að ræða átta liða úrslit þar sem vinna þarf tvo leiki til þess að komast áfram í undanúrslitin.

ÍBV tekur á móti Stjörnunni í Vestmannaeyjum í kvöld og býst Arnar Daði við opnu og skemmtilegu einvígi. „Þetta eru tvö af lélegri varnarliðum deildarinnar og gæti verið opið og skemmtilegt einvígi. Heimavöllurinn hjá ÍBV gæti skilað þeim sigri í gegnum oddaleik. Eyjamenn hafa verið í smá brasi með Stjörnuna en Garðbæingar hafa verið í basli eftir áramót. Það virðist eitthvað vera að þar á bæ,“ segir Arnar Daði um einvígið.

Valur varð deildarmeistari og mætir Fram sem endaði í átta liða úrslitum. Arnar sér ekkert óvænt í kortunum. „Það er ekkert minna

> ” Það er pressa á Aroni Kristjánssyni að ná í þann stóra fyrir Hauka.
>
> Arnar Daði Arnarson, þjálfari Gróttu

en hneyksli ef Valur fer ekki áfram í þessum slag. Þeir fara að öllum líkindum áfram með tveimur öruggum sigrum.“

Á föstudag tekur svo FH á móti Selfoss og þar getur allt gerst að mati Arnars. „Þetta er kannski það einvígi sem er hvað mest tvísýnt.


Snorri Steinn, þjálfari Vals, með Degi Sigurðssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Einvígin í átta liða úrslitum**

| | |
|---|---|
| ÍBV | Stjarnan |
| Valur | Fram |
| FH | Selfoss |
| Haukar | KA |

Ég er á því að Selfoss sé með sterkara lið og meiri breidd en það er mikil stemming í Kaplakrika fyrir þessa úrslitakeppni. Það eru smá meiðsli að hrjá FH og mér finnst Selfoss líklegri,“ segir Arnar.

Á föstudag mætast einnig liðin sem urðu í öðru og sjöunda sæti, Haukar og KA. „Ef það er eitthvað lið sem hræðist það að fara í KA-heimilið þá eru það Haukar. KA vann þá í bikarnum og hafa náð í ótrúleg úrslit gegn Haukum síðustu ár. Haukar eru miklu betra lið, með meiri breidd og það er skandall ef þeir fara ekki áfram. Það er pressa á Aroni Kristjánssyni að ná í þann stóra fyrir Hauka,“ segir Arnar Daði. ■

**Menntadagur atvinnulífsins** 2022

# Stafræn hæfni í íslensku menntakerfi og atvinnulífi.

**25. apríl**

Silfurberg í Hörpu, kl. 9

Menntadagur atvinnulífsins fer nú loksins fram í raunheimum eftir langt tímabil streymisviðburða. Þetta verður í níunda skipti sem dagurinn er haldinn hátíðlegur.

Við hlökkum til að hittast til að ræða menntamálin og heyra frá ráðherrum málaflokksins, sem nú heyrir undir þrjú mismunandi ráðuneyti.

**DAGSKRÁ**

**9:00** → Menntadagur atvinnulífsins

**10:30** → Menntatorg og netagerð

**11:00** → Málstofa

Skráning á **sa.is** — öll velkomin



SAF · sff. · SAMORKA · SVÞ · SI

## Merkisatburðir

**1908** Knattspyrnufélagið Víkingur er stofnað í Reykjavík.
**1965** Nafnskírteini eru gefin út til allra Íslendinga, 12 ára og eldri. Um leið eru tekin upp svonefnd nafnnúmer.
**1967** Herforingjastjórn, undir forystu Georgios Papadopoulos, fremur valdarán í Grikklandi.
**1971** Fyrstu handritin koma heim frá Danmörku, Flateyjarbók og Konungsbók eddukvæða.
**1989** Um 100 þúsund kínverskir mótmælendur safnast saman á Torgi hins himneska friðar í Peking í Kína.
**1992** Ræningi kemst undan með 7,5 milljónir danskra króna eftir að hafa ráðist á peningaflutningabíl Danske Bank við Bilka í Árósum.
**2010** Íslenski handritavefurinn Handrit.is er opnaður.



Hilmar Örn er vongóður um að hofið verði fullklárað á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ásatrúarfélagið fimmtíu ára

**Fimmtíu ára afmælis Ásatrúarfélagsins verður fagnað með sigurblóti og sumargleði í dag.**

arnartomas@frettabladid.is

Ásatrúarfélagið fagnar fimmtíu ára afmæli um þessar mundir en félagið var stofnað á sumardeginum fyrsta 1972. Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði segir að stofnun félagsins hafi átt sér langan aðdraganda.

„Það voru menn í kringum Sveinbjörn Beinteinsson sem höfðu farið að hittast upp úr 1960 í tíundu viku sumars á Þingvöllum,“ segir hann. „Þetta var lítill hópur fólks, flest úr Borgarfirði, sem vildi endurvekja þennan forna sið.“

Þar myndaðist ákveðinn kjarnahópur sem ákvað að stofna félag þar í kring og var haldinn undirbúningsfundur sem fór fram á Hótel Esju. Félagið var svo stofnað á Hótel Borg á sumardeginum fyrsta þann 20. apríl 1972.

„Það var talað um að það hefðu verið tíu til tólf manns sem mættu á stofnfundinn,“ segir Hilmar Örn og ber viðburðinn saman við tónlistarhátíðina Woodstock. „Rétt eins og annar hver Ameríkani sem maður hittir á ákveðnum aldri fór á Woodstock, þá var annar hver maður sem ég hef hitt á Íslandi á ákveðnum aldri á þessum stofnfundi, þótt það gangi ekki upp tölfræðilega.“

Í kjölfarið var sótt um að félagið fengi löggildingu sem fékkst þó ekki strax.

> „Það var ákveðin andstaða við að fjölgyðistrú yrði leyfð á Íslandi.

„Það var ákveðin andstaða við að fjölgyðistrú yrði leyfð á Íslandi,“ segir hann. „Það var sem sagt hægt að beita guðfræðilegum rökum á móti því.“

Félagið fékk löggildingu ári eftir stofnun og var Sveinbjörn valinn fyrsti allsherjargoði.

„Hann fékk fyrstur heiðinna manna leyfi til að gefa fólk saman, en jarðsetti þó reyndar aldrei nokkurn mann,“ segir Hilmar Örn sem útskýrir að félagar hafi orðið karla og kvenna elst á þessum tíma. „Það var mjög gott upp á heilsufarið að ganga í félagið.“

**Félögum fjölgar**

Í dag eru félagar í Ásatrú vel á sjötta þúsund og hefur orðið um tíföldun síðan Hilmar Örn tók við árið 2003.

„Þá vorum við í kringum 540 manns sem þótti stórkostlegt þá, því á fyrstu tíu til fimmtán árunum vorum við aldrei fleiri en hundrað. Við vorum alltaf í kringum þá tölu,“ segir Hilmar Örn og segir stökk í kringum Kristnihátíðina árið 2000. „Þá fengum við ótrúlegan fjölda fólks í félagið, sem er enn í vexti.“

Uppbygging á hofi Ásatrúarfélagsins hefur staðið lengi yfir og segir Hilmar Örn að það sé nú nánast fullklárað.

„Við fluttum inn með skrifstofuna og erum að klára félagsaðstöðuna. Við erum svo að bíða eftir starfsleyfi miðað við uppfylltar brunavarnir sem ætti að fást á næstu dögum eða vikum,“ segir hann og bætir við að verið sé að safna fyrir burðarvirki sem þurfi að panta að utan og verði að von sett upp á næsta ári. „Maður veit auðvitað ekki hversu fljótt þetta gengur yfir en við vorum gerð munaðarlaus af borgarkerfinu á sínum tíma. Við höfum lagt fyrir og ekki byggt meira en við höfum efni á á hverjum tíma.“

Árunum fimmtíu verður svo fagnað með sigurblóti og sumargleði við hofið í Öskjuhlíð og í Nauthólsvík í dag.

„Þetta verða mikil hátíðarhöld,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson. „Við fáum víkingafélagið Rimmugýg í heimsókn, það verða blóðrur og sumargjafir handa börnum, pylsur, gos og grillaðir sykurpúðar. Það verður mikið í þetta lagt.“ ■

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Skúli Sigurgeirsson**

*áður til heimilis að Lindasíðu 4, Akureyri,*

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð þann 14. apríl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 25. apríl kl. 13.

**Margrét Skúladóttir Sigurður Bjarklind**
**Svanhildur Skúladóttir Einar Ólafsson**
**Ragnheiður Skúladóttir Árni V. Kristjánsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



✝

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Astrid Sigrún Kaaber**

*sjúkraliði,*

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 15. apríl. Útförin fer fram þriðjudaginn 3. maí kl. 13 frá Breiðholtskirkju.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk 2C í Sóltúni fyrir einstaka umönnun og hlýju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjálparsamtök.

**Magnús Björn Björnsson Guðrún Dóra Guðmannsdóttir**
**Ragnar Hallgr. Björnsson**
**Sigrún Birna Björnsdóttir Agnar Benónýsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg sambýliskona, móðir okkar og tengdamóðir,

**Vilborg Valdimarsdóttir**

varð bráðkvödd þann 7. apríl. Útför hennar fer fram í Melstaðarkirkju 29. apríl kl. 14.00.

**Einar Magni Sigmundsson**
**Atli Már Einarsson Helga Kristín Björgólfsdóttir**
**Aðalheiður Einarsdóttir Bjarni Másson**
**barnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir mín,

**Hólmfríður Þóra Guðjónsdóttir**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu DAS við Brúnaveg 27. mars, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 22. apríl kl. 10.00 árdegis.

**Ragnar Friðriksson og fjölskylda.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Stefán Briem**

lést mánudaginn 18. apríl á Landspítalanum.

**Snorri Briem Rachel Briem**
**Kjartan Briem Erla Jóhannsdóttir**
**Axel Jóhannsson**
**Bodil Fich**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar og amma,

**Kristín Eiríka Gísladóttir**

*Markarflöt 10,*

andaðist mánudaginn 11. apríl. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 28. apríl kl. 13. Streymt verður frá útförinni á streyma.is

**Brynja Hrönn Jónsdóttir**
**Hildur Edda Jónsdóttir**
**Sverrir Már Jónsson**
**Gunnar Hrafn Jónsson**
**Helgi Hrannar, Brynjar Orri og Birgir Hrafn.**

---



✝

Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Valborg Sveinsdóttir**

*meinatæknir, Hlíðargerði 3,*

lést á Borgarspítalanum 20. apríl. Útför verður auglýst síðar.

**Frosti Bergmann Eiðsson Sólveig Haraldsdóttir**
**Logi Bergmann Eiðsson Svanhildur Hólm Valsdóttir**
**Hjalti Bergmann Eiðsson**
**Sindri Bergmann Eiðsson Elfa Björk Eiríksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 21. apríl 2022






Marilyn í hvíta, fræga sumarkjólnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Finnurðu goluna?

thordisg@frettabladid.is

Sumarið kom í dag og það er hreina satt að hvítir kjólar eru sígildir í fögrum sumarblæ.

Einum frægasta hvíta kjól veraldar klæddist kynbomban Marilyn Monroe í kvikmyndinni The Seven Year Itch árið 1955. Kjólinn hannaði William Travilla, samkvæmt nýjustu tísku sjötta áratugarins, með flegnu hálsmáli og plíseruðu pilsi niður á kálfa.

Eiginmaður Monroe var á þessum tíma hafnaboltahetjan Joe DiMaggio, sem sagður er hafa hatað hvíta kjólinn sem Marilyn hlaut svo mikla athygli fyrir. Í myndinni koma þau mótleikari hennar, Tom Ewell, út úr kvikmyndahúsi á Manhattan þegar Marilyn stígur á loftrist fyrir ofan neðanjarðarlestarstöð og segir: „Ó, finnurðu goluna frá lestinni?“. Á sama tíma fýkur pilsið upp og sýnir fagra fótleggi Marilyn. Til að fá næði var atriðið tekið upp að nóttu til, en nærvera Monroe dró að hundruð aðdáenda og neyddist leikstjórinn Billy Wilder til að endurtaka atriðið í kvikmyndastúdíói 20th Century Fox.

Eftir dauða Monroe 1962 og allt fram í andlátið 1990 geymdi Travilla hvíta kjólinn og fleiri flíkur sem hann hannaði á leikkonuna. Seinna bættist safn hans við Hollywood Motion Picture Museum í eigu Debbie Reynolds, sem sagði Opruh Winfrey að kjóllinn væri þá gulnaður af elli. Hann var metinn á tvær milljónir dala árið 2011, en seldist þó á rúmar 5,6 milljónir. ■






BIG BANG tónlistarhátíðin fer fram í Hörpu í dag og þar verður boðið upp á fjölda viðburða. Á myndinni sjást skipuleggjendurnir, starfsfólk Barnamenningar og erindrekarnir sem hafa tekið þátt í skipulagi hátíðarinnar síðan 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fjölbreytt og mögnuð tónlistarupplifun fyrir börn

Í dag fer BIG BANG tónlistarhátíðin fram í Hörpu í Reykjavík. Hátíðin snýst um að auka aðgengi barna að tónlist og þar geta ungir áheyrendur fengið að upplifa fjölbreytta dagskrá sem samanstendur af tónleikum og alls kyns tónlistartengdum upplifunum. 2



Danski slagverkssnillingurinn Rune Thorsteinsson hefur verið að vinna með 120 krökkum í Dalskóla, Ingunnarskóla og Sæmundarskóla, sem tromma á múrbala með látum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

BIG BANG er glæný tónlistarhátíð í Reykjavík, en það er evrópsk tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur sem fá að upplifa fjölbreytta og metnaðarfulla efnisskrá sem samanstendur af tónleikum, innsetningum og tónlistartengdum smiðjum undir handleiðslu fagfólks. Hátíðin fer fram sumardaginn fyrsta, en þann 21. apríl býðst börnum í grunnskólum Reykjavíkur að koma og upplifa nokkra af viðburðum hátíðarinnar á skólatíma.

„Sumardagurinn fyrsti er fjölskyldudagur á Íslandi og nú eru margar hverfahátíðirnar hættar og því fannst okkur tilvalið að halda hátíð þá," segir Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri Barnamenningar. „Svo er líka sumardagurinn fyrsti fyrsti dagur mánaðarins Hörpu samkvæmt norræna tímatalinu og okkur fannst það eiga vel við tónlistarhátíð í Hörpu."

**Tilraunakennd og öðruvísi hátíð**

„Þetta er tilraunakennd hátíð sem snýst um að hressa upp á hefðbundin tónleikaform og nýta allar mögulegar leiðir til að auka á upplifun barnanna. Það er reynt að brjóta upp hefðbundna tónleikauppstillingu, auka þátttöku barnanna, nýta ljós, gagnvirkni og fleira," segir Harpa. „Hátíðin leggur áherslu á gæðaviðburði og því höfum við fengið til samstarfs mjög fjölbreytt og flott tónlistarfólk.

Hátíðin er skipulögð fyrir börn á öllum aldri og líka fullorðna sem hafa verið börn. Yfirleitt njóta þess nú allir þegar eitthvað er unnið lengra og gert enn meira spennandi," segir Harpa. „Tónlistarfólkið sem er með okkur á hátíðinni er valið út frá því að við treystum því til að gera viðburði sem eru spennandi fyrir börn að upplifa, ekki bara með eyrunum heldur eru þeir hugsaðir út frá heildarupplifuninni. Þess vegna finnst okkur pínu erfitt að tala bara um að þetta sé fyrir unga áheyrendur, því við erum ekki bara að hlusta."

**Vilja auka aðgengi barna að tónlist**

„Það er mikilvægt að geta boðið börnum upp á það allra besta og BIG BANG-hátíðin gefur ekki afslátt af gæðum. Það er margt spennandi að gerast í barnamenningu á Íslandi og það er ekki amalegt að geta boðið börnum upp á þessa flottu dagskrá í þessu æðislega húsi, Hörpu. Það eykur framboð á viðburðum fyrir börn en býr um leið til vettvang fyrir tónlistarfólk til að miðla tónlist sinni til barna," segir Harpa. „Hátíðin opnar líka dyrnar út í heim því að við munum fá erlenda gesti á næstu hátíðir og vonandi getum við sent íslenskt tónlistarfólk á hátíðir annars staðar í heiminum í náinni framtíð.

Að þessu sinni er hátíðin meira íslensk en hún átti upphaflega að vera. Hún átti að fara fram fyrir tveimur árum en þá gátum við ekki fengið erlent listafólk til landsins vegna heimsfaraldursins. Á næsta ári verðum við með fleiri tónlistaratriði að utan og atriði sem hátíðin hefur vottað sem framúrskarandi fyrir börn," segir Harpa. „Það er líka alltaf eitt atriði sem er skipulagt með börnum, svokallað NOMAD-verkefni, en í ár er danski slagverkssnillingurinn Rune Thorsteinsson að vinna með 120 krökkum í Dalskóla, Ingunnarskóla og Sæmundarskóla, sem tromma á múrbala með látum.

Við erum líka með krakka sem sem við köllum erindreka og þau hafa unnið að hátíðinni með okkur og búið sig undir að taka á móti gestum, kynna tónleika og



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

taka viðtöl við listafólk og gesti hátíðarinnar," segir Harpa. „Við verðum líka í mörgum rýmum í Hörpu sem fólk fær venjulega ekki að koma í. Eitt af stóru markmiðum hátíðarinnar er að auka aðgengi barna að tónlist. Þess vegna er frítt inn á alla viðburði en hátíðin er styrkt af Creative Europe og Barnamenningarsjóði. Við viljum að öll börn og fjölskyldur þeirra geti farið á tónleika óháð efnahag. Við erum með erlenda og íslenska styrki fyrir þessu öllu saman og því getum við sleppt því að rukka inn."

**Fjölbreytt tónlistartengd upplifun**

„Á hátíðinni verða alls konar tónleikar en líka fjölbreytt tónlistartengd upplifun eins og teknófiðlur, afrískur trommusláttur og óperuleikhústónleikar þar sem Niels Girerd sýnir leikhús sem hann bjó til þegar hann var barn," segir Harpa. „Það verður líka tónlistarsmiðja þar sem börn geta lært að búa til tónlist á iPad og svo tónlistarleiðangur þar sem krakkarnir fá að hitta geggjað flott tónlistarfólk sem þeir fá að fara mjög nálægt og jafnvel skella sér undir píanó eða horfa ofan í kokið á óperusöngkonu.

Einnig verður börnunum boðið upp á kósýhorn Borgarbókasafnsins, hugleiðslurými á vegum dj. flugvélar og geimskips, upplifunarrýmið Hringátta í kjallara Hörpu, Vísindasmiðjuna sem verður með tónlistartengd vísindi og hina nýopnuðu Hljóðhimna, sérstakt rými fyrir börn í Hörpu sem er staður til að uppgötva töfraheim hljóðs og tóna," segir Harpa. „Gestum verður einnig boðið að horfa á bíómyndina Háværu nágrannarnir, sem fjallar um börn sem búa alein og allir nágrannarnir eru tónlistarfólk.

Tónleikarnir sem við bjóðum upp á verða líka mjög ríkir af upplifun. Við erum með stóra tónleika sem byggja á ævintýrinu Hver vill hugga Krílið? eftir Tove Janssen sem er með nýrri tónlist, mörgum barnakórum af öllu landinu og sögumanni," segir Harpa. „Einnig hefur hann Wouter, stofnandi hátíðarinnar, sem fer á allar hátíðirnar í Evrópu, verið að vinna með listafólki síðustu daga, eins og hljómsveitinni Breki, við að gera tónleikana skemmtilegri fyrir krakka."



Hátíðin er skipulögð af Barnamenningarhátíð í Reykjavík, List fyrir alla, Tónlistarborginni Reykjavík og Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, en það eru einnig ýmsir samstarfsaðilar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



BIG BANG-hátíðin er haldin í 17 borgum í Evrópu og Kanada og Reykjavík er sú allra nýjasta. Þessi mynd er frá hátíðinni í Lille í Frakklandi. MYND/AÐSEND

**Fjórða tilraun til að halda hátíðina**

„Tónlistarhátíðin var stofnuð árið 2010 af sex evrópskum samstarfsaðilum. Árið 2015 hlaut hátíðin hin virtu EFFE-verðlaun sem veitt eru framúrskarandi evrópskum menningarhátíðum og árið 2018 hlotnaðist BIG BANG fjögurra ára stuðningur á vegum Creative Europe-áætlunar Evrópusambandsins," segir Harpa. „Árið 2019 var okkur svo boðið að taka þátt í verkefninu. Núna er hátíðin haldin í 17 borgum í Evrópu og Kanada og Reykjavík er sú allra nýjasta.

Það stóð til að halda hátíðina á Barnamenningarhátíð 2020 en þá kom Covid og ekkert mátti gera. Við erum síðan búin að ákveða dagsetningar fjórum sinnum og skipuleggja hátíðina en fáum núna loksins að halda hana," útskýrir Harpa. „Það er sérstaklega fyndið að erindrekar hátíðarinnar, sem eru alltaf börn, voru flestir um 11 ára þegar við byrjuðum að skipuleggja hátíðina en núna eru þeir orðin unglingar og miklu stærri og þroskaðri.

Hérna á Íslandi er hátíðin skipulögð af Barnamenningarhátíð í Reykjavík, List fyrir alla, Tónlistarborginni Reykjavík og Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi," segir Harpa. „Svo vinnum við með ýmsum aðilum, eins og Borgarbókasafninu, Mixtúru og skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Síðan verðum við auðvitað að nefna allt tónlistarfólkið og erindrekana sem hafa verið með okkur frá því við höfum að skipuleggja hátíðina fyrst árið 2020." ■

Nánari upplýsingar um hátíðina er að finna á vefnum www.barnamenningarhatid.is.

**„Það er mikilvægt að geta boðið börnum upp á það allra besta og BIG BANG-hátíðin gefur ekki afslátt af gæðum.**

Harpa Rut Hilmarsdóttir

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.



Erica tunikukjóll
Stærðir 38-56
Verð 13.980 kr



Lökke tunica
Stærðir 38-56
Verð 13.980 kr



Rosalia tunica
Stærðir 38-56
Verð 13.980 kr



Aya kjóll
Stærðir 38-56
Verð 13.980 kr



Lill kjóll
Stærðir 38-56
Verð 13.980 kr

yesta yest no Secret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE-ZE Nordic OPHILIA



GOZZIP Mari jakki
Stærðir 38-56
Verð 19.980 kr



YESTA peysujakki
Stærðir 44-52
Verð 13.980 kr



ES&SY Tasnim kjóll
Stærðir 38-46
Verð 7.980 kr



IVY BEAU Noralie jakkapeysa
Stærðir 36-46
Verð 9.980 kr



ES&SY Nicky kjóll
Fæst líka í svörtu
Stærðir 42-46
Verð 6.980 kr

SYBEL festival DENMARK STUDIO GOZZIP SANDGAARD LASESSOR
FRANDSEN Tamaris Handberg Jana



ZHENZI úlpujakki
Fæst í fleiri litum
Stærðir 42-58
Verð 11.990 kr



FRANDSEN létt dúnúlpa
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-54
Verð 23.980 kr



FRANDSEN léttur jakki
Fæst líka í bláu
Stærðir 38-54
Verð 32.980 kr



FRANDSEN úlpujakki
Fæst líka í grænu
Stærðir 38-54
Verð 30.980 kr



FRANDSEN vendingur
Fæst líka í bleiku
Stærðir 38-54
Verð 35.980 kr

Verslunin Belladonna

**belladonna**

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

# Eftirminnileg atriði úr Eurovision

Evrópska söngvakeppnin hefur verið haldin frá árinu 1956 og er einn af áhugaverðustu árlegu viðburðum sem fram fara í sjónvarpi. Margar skærustu stjörnur heimsins hafa komið fram á sjónarsviðið í keppninni og nægir þar að nefna ABBA, Celine Dion og Cliff Richards.

elin@frettabladid.is

Eurovison er sá sjónvarpsviðburður sem lengst hefur haldist á skjánum og nýtur ávallt mikillar eftirvæntingar. Írar hafa verið sigursælir í keppninni og hafa sex sinnum haldið hana. All Kinds of Everything með Dönu, sem vann keppnina árið 1970, varð gríðarlega vinsælt og sömuleiðis lögin What's Another Year og Hold Me Now með Johnny Logan. Það fyrra vann árið 1980 og hið seinna 1987.

Keppnin hefur einu sinni fallið niður en það var árið 2020 vegna Covid-19. Allt frá fyrstu tíð hafa klæðnaður, hárgreiðsla og förðun vakið mikla athygli áhorfenda. Mörg eftirminnileg atriði í keppninni hafa oft verið rifjuð upp, til dæmis söngvarinn Andriy Danylko frá Úkraínu sem er mikið uppáhaldsatriði margra. Hann kom fram í dragi undir nafninu Verka Serduchka og flutti lagið Dancing Lasha Tumbai sem lenti í öðru sæti í keppninni.

Ísraelska söngkonan Dana International hristi einnig upp í keppninni þegar hún vann á sviðinu í Birmingham árið 1998 og var þar með fyrsta transkonan til að gera það. Hún var klædd í hátískukjól sem hannaður var af Jean Paul Gaultier.

Conchita Wurst var sömuleiðis stórkostlegur sigurvegari Eurovision, klæddur í drag og með skegg. Conchita, sem er frá Austurríki, bar sigur úr býtum árið 2014 í Kaupmannahöfn.

Eurovision-undankeppnin 2022 fer fram í Tórínó á Ítalíu 10. og 12. maí en úrslitin verða laugardaginn 14. maí. Ítalski sjónvarpsmaðurinn Alessandro Cattelan, söngkonan Laura Pausini og söngvarinn Mika verða kynnar keppninnar. Þetta er í þriðja sinn sem Ítalir halda keppnina, fyrst 1965 í Napólí og 1991 í Róm.

Fjörutíu lönd keppa að þessu sinni í Pala Olimpico-höllinni en þar fóru fram Vetrarólympíuleikar í íshokkí árið 2006.

Þótt Íslendingar hafi fyrst tekið þátt í keppninni árið 1986 var sýnt frá henni hér á landi allt frá árinu 1970 þótt ekki hafi það verið í beinni útsendingu í fyrstu. Keppnin varð engu að síður strax vinsæl hér á landi. ■



Þetta rauðklædda tvíeyki þótti ekki mjög smart. John og Edward eru tvíburar frá Írlandi en þeir kepptu í Þýskalandi 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Allir muna þegar Lordi frá Finnlandi keppti í Eurovision.



Ekki voru allir hrifnir af bláa kjólnum sem Jóhanna Guðrún bar í Eurovision árið 2009 í Moskvu. Hún söng sig þó inn í hjörtu fólks með laginu Is It True? sem hafnaði í öðru sæti. Einu sinni áður hafði Ísland náð þeim árangri, það var árið 1999 þegar Selma Björnsdóttir söng lagið All Out of Luck.



Verka Serduchka frá Úkraínu vakti mikla athygli þegar hún kom fram í Helsinki í Finnlandi árið 2011.



Það er óhætt að segja að Eurovision sé ekki bara söngkeppni heldur einnig mikil klæðasýning. Þessi tvö frá Þýskalandi, Oscar Loya og Dita Von Teese, vöktu mikla athygli í keppninni í Moskvu árið 2009.



Þessar söngkonur frá Hvíta-Rússlandi þóttu íburðarmiklar með allt þetta vængjahaf þegar þær sungu lagið Butterflies í Eurovision í Ósló árið 2010.


**Náttúruleg slökun**
& góður nætursvefn




**Áttu erfitt með að slaka á, festa svefn eða fá næturhvíld?**

Slakandi blanda sem inniheldur **Magnolíu börk** og **íslensk fjallagrös**

Fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun og flestum stórvörumörkuðum.

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

**SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA**
Þjáist af liðverkjum?
Viðkvæmt ónæmiskerfi? - Of hár blóðþrýstingur?

Arctic Star




**Arctic Star sæbjúgnahylki**
eru framleidd úr íslenskum sæbjúgum sem eru með:
- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Fjölbreytar amínósýrur
- Taurín
- Chondroitin súlfat
- Peptíð
- Vítamín og steinefni.

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,**
Framleiðandi er Arctic Star ehf.
Allar nánari upplýsingar fast á
www.arcticstar.is

Arctic Star Sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, Fjarðakaup og Heimkaup.is

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618



# Gleðilegt sumar!

**Opið í verslun Curvy í dag frá kl. 11-16**

**Mikið úrval af fallegum sumarfötum**

**í stærðum 42-58**

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg
















Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

# Litríkir flytjendur og hátíðargestir

**Það var mikið um dýrðir á Coachella-tónlistarhátíðinni sem fór fram í síðustu viku. Eins og venjulega vakti klæðnaður stjarnanna og gesta hátíðarinnar mikla athygli.**

starri@frettabladid.is

Coachella-tónlistarhátíðin fór fram í Kaliforníufylki í Bandaríkjunum dagana 15.-17. apríl. Veðrið lék við gesti hátíðarinnar, sem hafði verið frestað síðustu tvö árin vegna heimsfaraldursins.

Meðal helstu listamanna sem komu fram má nefna Billie Eilish, Run the Jewels, Harry Styles, Idles Swedish House Mafia og Weeknd.

Það er ekki bara tónlistin sem vekur athygli á Coachella frekar en á öðrum sambærilegum tónlistarhátíðum. Klæðnaður stjarnanna og gesta hátíðarinnar vekur líka athygli í fjölmiðlum.

Lítum á nokkra skrautlega flytjendur og gesti frá Coachella 2022. ■



Margir gestir Coachella leggja mikið upp úr því að líta vel út.



Söngvarinn Harry Styles klæddist þessum geggjaða Gucci galla á hátíðinni.



Swedish House Mafia duttu inn á síðustu stundu þegar ljóst var að Kanye West myndi ekki koma fram. Bandið klæddist svörtu frá toppi til táar.



Bleiki liturinn var í aðalhlutverki hjá þessum gesti hátíðarinnar.



Conan Gray kom fram í þessum bleika kjól.



Karol G var flott í bláu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


# BÆTUM UMHVERFIÐ

**Föstudaginn 29. apríl** gefur Fréttablaðið út sérblaðið Bætum umhverfið.

Frábær leið til að koma á framfæri umhverfisstefnu fyrirtækja og hvað þau eru að gera til að bæta hana.
Að vanda þá er boðið upp á bæði hefðbundin auglýsingahólf og umfjallanir sem eru settar upp af blaðamanni okkar í góðu samráði við auglýsanda.

**Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.**



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir:**

**Jón Ívar Vilhelmsson, sölu- og markaðsfulltrúi.**
**Sími: 550 5654 / jonivar@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




# Nú vantar bara pottinn!

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Geirslaug 279.000 kr. | Snorralaug 299.000 kr. | Gvendarlaug 189.000 kr. | Unnarlaug 310.000 kr. | Sigurlaug (kaldi potturinn) 135.000 kr. | Grettislaug 259.000 kr. |

## Heitir og kaldir gæðapottar, ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!

NORMX

**Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is**

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár.
Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

**Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17**

## Bílar & Farartæki

### Bátar

VEIÐIPORTIÐ
Grandagarður 3 • S: 552-9940
Stærðir:
270cm-500cm
Verð frá:
149.000.kr



SAILSKI
Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

## Þjónusta

### Bókhald

**FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA**

Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Rétta-slóðgjalda og bókhaldsþjónusta

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 788 1590**

## Heilsa

### Heilsuvörur

gott cbd.is





**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

## Húsnæði

### Húsnæði til sölu



**SUMARHÚS**

Nýtt 34m2 hús, klárt til flutnings.

70mm bjálki með tvöfaldri nót.

Klætt með bárujárni.

Eitt svefnherbergi, salerni og stórt alrými.

Raflagnir klárar og gólfefni komið.

Teikningar fylgja með.

**Verð kr 8.500.000.- Upplýsingar í síma 892-1882.**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

**HEIMILISHJÁLP**
Einstaklingur óskast til að sjá um þvott, þrif, sendiferðir og almenn heimilisstörf í 15-20 tíma á viku. Uppl. í síma 862 7927



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Skipulagsstofnun

**Umhverfismat framkvæmda**
**Álit Skipulagsstofnunar**

**Efnistaka í Bakkanámu og úr landi Skorholts, Hvalfjarðarsveit**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og umhverfismatsskýrslu Hólaskarðs ehf. er einnig að finna á vef




Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

## Íslenskukennari við Háskólann í Gdańsk í Póllandi

Staða íslenskukennara við háskólann í Gdańsk í Póllandi er laus til umsóknar. Ráðið verður í stöðu aðstoðarkennara við háskólann í Gdańsk frá og með 1. september 2022. Ráðningin er tímabundin til þriggja ára með möguleika á endurráðningu. Krafist er MA-prófs í íslensku eða tengdum greinum. Æskilegt er að umsækjendur hafi lokið kennararéttindanámi og/eða hafi reynslu af því að kenna íslensku sem annað eða erlent mál. Þó að kunnátta í pólsku sé ekki nauðsynleg þá er hún góður kostur. Nær eingöngu er um almennt íslenskunámskeið að ræða (m.v. A1-B1 stig í evrópska tungumálarammanum). Námskeiðið er fyrir nemendur sem stunda tungumálanám á BA- og MA-stigi. Kennslan mun fara fram í blönduðu formi, annars vegar á netinu og hins vegar í staðkennslu og er miðað við 12 kennslutíma í viku. Kennslan hefst 1. október og henni lýkur 30. júní. Kennarinn mun einnig kenna lítinn hluta af námskeiðinu við Silesia-háskólann í Katowice og þá aðallega í fjarkennslu. Háskólinn í Gdańsk hefur umsjón með ráðningunni og eru launin 3.300 PLN á mánuði auk kennslustyrks frá íslenskum stjórnvöldum að upphæð 600.000 kr. á ári.

Umsóknir sem greina frá námi og störfum umsækjenda, ásamt skýrslu um ritsmíðar og rannsóknir, skal senda í tölvupósti til Branislav Bédi, verkefnisstjóra á alþjóðasviði, **(branislav.bedi@arnastofnun.is)** fyrir 22. maí 2022.

Nánari upplýsingar veitir verkefnisstjóri í gegnum tölvupóst eða í síma 525 4421.

Reykjavík, 21. apríl 2022

## Wykładowca języka islandzkiego na Uniwersytecie Gdańskim w Polsce

Uniwersytet Gdański poszukuje kandydata na nowo utworzone stanowisko wykładowcy języka islandzkiego jako języka obcego. Uczelnia oferuje zatrudnienie na pełny etat od 1 września 2022 na trzy lata z możliwością przedłużenia. Od kandydata wymaga się posiadania przynajmniej stopnia magistra filologii islandzkiej lub pokrewnego wykształcenie. Dodatkowymi atutami będą: ukończony kurs pedagogiczny oraz/lub doświadczenie w nauczaniu języka islandzkiego jako języka obcego, a także znajomość języka polskiego.

Zajęcia z języka islandzkiego będą prowadzone na poziomie A1-B1 w skali ESOKJ na studiach pierwszego stopnia oraz uzupełniających studiach magisterskich na kierunku skandynawistyka na Uniwersytecie Gdańskim. Zajęcia będą się odbywały w formie hybrydowej – zarówno zdalnie jak i stacjonarnie. Przewiduje się również prowadzenie kursów w formie zdalnej dla studentów Uniwersytetu Śląskiego w Katowicach.
Liczba przypadających na wykładowcę zajęć to średnio 12 godzin lekcyjnych tygodniowo (360 rocznie godzin lekcyjnych na rok akademicki). Zajęcia rozpoczynają się 1 października i kończą 30 czerwca. Oferowane przez Uniwersytet Gdański wynagrodzenie to około 3.300 PLN miesięcznie. Dodatkowo kandydat będzie otrzymywał 600.000 ISK rocznie w postaci grantu rządowego wypłacanego przez rząd Islandii.
Podania wraz z CV oraz listą publikacji należy przesyłać drogą mailową na adres kierownika projektu Branislava Bédi **(branislav.bedi@arnastofnun.is)** do dnia 22 maja 2022 r.

Dodatkowych informacji udziela drogą mailową kierownik projektu. Możliwy jest również kontakt telefoniczny pod nr telefonu (+354) 5254421.

Reykjavík, 21 kwietnia 2022
Instytut Studiów Islandzkich im. Árniego Magnússona

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND
GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

EXTRA

# OPIÐ

## SUMARDAGINN FYRSTA

| | |
|---|---|
| Barónsstígur | 8-24 |
| Akureyri | 24/7 |
| Reykjanesbær | 24/7 |

# Dagskrá

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin úrval** Úrval úr Fréttavöktum vetrarins .
**19.00 Mannamál - Egill Eðvarðsson** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
**20.00 Verk og vit 2022 (e)** Hringbraut heimsækir sýningina Verk og vit í Laugardalshöll.
**20.30 Fréttavaktin úrval (e)**
**21.00 Mannamál (e)**

## RÚV Sjónvarp

**08.00 KrakkaRÚV**
**08.01 Mói**
**08.12 Skotti og Fló**
**08.19 Stuðboltarnir**
**08.30 Rán og Sævar**
**08.41 Bréfabær**
**08.52 Hvolpasveitin**
**09.14 Ronja ræningjadóttir**
**09.38 Zorro**
**10.00 Hagamús. með lífið í lúkunum**
**10.55 Attenborough. Undur eggjanna**
**11.50 Hvunndagshetjur**
**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Fólkið í landinu** Jónas Helgason.
**13.30 Hamingjan býr í hæglætinu**
**14.25 Átök í uppeldinu**
**15.05 Eins og málverk eftir Eggert Pétursson**
**16.20 Fimleikahringurinn 2020**
**16.55 Svikabrögð**
**17.25 Landinn**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Óargadýr**
**18.29 Lúkas í mörgum myndum**
**18.36 Tryllitæki**
**18.43 KrakkaRÚV - Tónlist**
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Lag dagsins** KK - Ég er vinur þinn.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Beirút - Akureyri**
**20.30 Okkar á milli**
**21.00 Synd og skömm It's a Sin**
**21.50 Lögregluvaktin Chicago PD**
**22.35 Vitjanir Einhvers staðar, einhvern tímann aftur**
**23.25 Babýlon Berlín Babylon Berlin**
**00.15 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.00 Black-ish**
**16.40 Spin City**
**17.05 The King of Queens**
**17.25 Everybody Loves Raymond**
**17.50 Dr. Phil**
**18.35 The Late Late Show**
**19.20 Single Parents**
**19.40 Superstore**
**20.10 MakeUp**
**20.45 9-1-1**
**21.35 NCIS. Hawaii**
**22.20 In the Dark**
**23.05 The Late Late Show**
**23.50 Berlin Station** Daniel Miller er sendur í útibú leyniþjónustunnar í Berlín sem njósnari. Hann fær það hlutverk að komast að því hver hefur lekið upplýsingum um störf leyniþjónustunnar til þekkts uppljóstrara.
**00.45 Law and Order. Special Victims Unit**
**01.30 Billions**
**02.30 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.35 Simpson-fjölskyldan**
**11.55 Simpson-fjölskyldan**
**12.20 Impractical Jokers**
**12.40 Impractical Jokers**
**13.00 30 Rock**
**13.20 30 Rock**
**13.45 Ísskápastríð**
**14.15 Ísskápastríð**
**14.50 Borgarstjórinn**
**15.15 Borgarstjórinn**
**15.40 Kviss**
**16.30 Blindur bakstur**
**17.00 Masterchef USA**
**17.40 Wipeout**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.40 Sportpakkinn**
**18.50 SamSam** Talsett teiknimynd frá 2021.
**20.05 Aðalpersónur** Lóa reynir að gerast áskrifandi að Only fans, heimsækir Klöru Sif klámframleiðanda og Jóhann neytanda og skyggnist á bak við skjáinn.
**20.25 Girls5eva**
**20.55 NCIS. New Orleans**
**21.40 The Blacklist**
**22.25 Killing Eve**
**23.10 Boss Level**
**00.45 The Photograph**
**02.30 Simpson-fjölskyldan**
**02.50 Simpson-fjölskyldan**
**03.10 30 Rock**
**03.35 30 Rock**
**03.50 Masterchef USA**

## Egill Eðvarðsson er gestur Mannamáls í kvöld



Ein af goðsögnum íslenskrar sjónvarpsframleiðslu til síðustu fimmtíu ára eða svo, Egill Eðvarðsson, er gestur Sigmundar Ernis í viðtalsþættinum Mannamáli á Hringbraut í kvöld. Egill er fráleitt einhamur, enda fjölhæfur listamaður, svo sem nýjasta myndlistarsýning hans á Hafnartorgi vitnar um. Og það er um margt að ræða, enda hefur hann lifað einkar viðburðaríkri ævi.

## Krossgáta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT**
1 þoldi
5 skordýr
6 málmur
8 glófi
10 mynni
11 skjön
12 sýnt
13 daunillur
15 meginæð
17 ávöxtur

**LÓÐRÉTT**
1 afgirða
2 asi
3 bæn
4 röndin
7 nytjalist
9 skella
12 íþrótt
14 háma
16 óð

**LÁRÉTT:** 1 afbar, 5 fló, 6 ál, 8 hanski, 10 ós, 11 mis, 12 bent, 13 fúll, 15 aðalæð, 17 akarn.
**LÓÐRÉTT:** 1 afhólfa, 2 flas, 3 bón, 4 rákin, 7 listiðn, 9 smella, 12 blak, 14 úða, 16 ær.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur áleik**



Robert Baskin (2.393) átti leik gegn Herbert Dietzsch (2.027) á Kviku Reykjavíkurskákmótinu.

**24. Df6+!** (24. Hxd5 er önnur vinningsleið). **24...Kh6** (24...Rxf6 25. exf6+ Kxf6 26. Hxd7). **25.Bxd5 exd5 26. Df4+ Kxh5** (26...g5 27. Df6+ Kxh5 28. Kg2). **27. Dh4# 1-0.** Landsliðsflokkur Íslandsmótsins í skák hefst í dag á Selfossi. Teflt er við glæsilegar aðstæður í Bankanum, vinnustofu. Sex stórmeistarar taka þátt.

**www.skak.is:** Íslandsmótið í skák.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | 4 | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | | 8 | 5 | | | 4 |
| 1 | 5 | | 4 | | | 3 | 9 | |
| | 6 | 8 | | 7 | 9 | | | 2 |
| 4 | 2 | | | | | | | |
| 5 | 8 | | 2 | 9 | 7 | | | |
| | 9 | 3 | | | 4 | 7 | | 5 |
| | | | 6 | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | 3 | | | |
| | 6 | 7 | | 9 | | | 2 | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 5 | | | | 3 | | | | |
| 2 | 3 | 4 | 9 | | | | | 1 |
| 4 | | | 1 | | | | 9 | |
| 6 | | 1 | | | | | 5 | |
| | 2 | | 4 | | 5 | | | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli








PRESSAN

FIMMTUDAGA KL. 20.00
OG AFTUR KL. 22.00

**Hraður þáttur um helstu fréttamál líðandi stundar í umsjón Sigurjóns M. Egilssonar.**

HRINGBRAUT



Sérfræðingur frá Jensen verður hjá okkur föstudag og laugardag, **22.-23. apríl.** Fáðu aðstoð við að velja rúmið sem hentar þér.

**Sérfræðingur í heimsókn**
Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

epal

JENSEN

Skeifan 6 / Smáralind / Kringlan / Laugavegur 7 / 5687733 / www.epal.is

**TILBOÐ**



**10% afsláttur**
af öllum Jensen rúmum
22. – 23. apríl.

**20% afsláttur**
af öllum fylgihlutum;
náttborð · sængur · koddar · lök

- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Yfir 70 ára reynsla.
- Skandinavísk hönnun.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Hvert rúm er sérsmíðað fyrir þig.

Veldu Jensen rúm fyrir betri og heilbrigðari svefn, nótt eftir nótt, ár eftir ár.

# Gleðilegt s

## Allt fyrir sumarið - heimilið, pallinn og garðinn



15%

OUTBACK

**Gasgrill**
Omega 200
Grillflötur: 50x36 cm, tvískiptur brennari, emeleruð grillgrind, hliðarborð, neistakveikja, þrýstijafnari 6,2 Kw.

**29.740 kr**
~~34.990 kr~~



15%

OUTBACK

**Gasgrill**
Graphite 3b
Grillflötur: 560x380 mm, með þremur ryðfríum brennurum og hliðarhellu, afköst 12,4 kW, hliðarhella 3,1 kW. 3000390

**42.490 kr**
~~49.990 kr~~



weber

Ferða grill

**Gasgrill** Q1200
Grillflötur: 32 x 42 cm, ryðfrír brennari 2,64 kW/h–8.500 BTU, rafstýrðurkveikjurofi. 3000376

**39.990 kr**
~~42.990 kr~~



15%

cozze

**Pizzaofn 13"**
Búðu til þína eigin pizzu á 2 mínútum. Með breiðu opi og bökunarsteini, tekur Ø34 cm pizzur. 3002400

**39.940 kr**
~~46.990 kr~~

15%

**Trampolín,**
12 ft Durasport
3,66 metrar, 6 fætur 72 gormar, öryggisnet fylgir, hámarksþyngd á trampolíni er 150 kg. 3900557

**39.990 kr**
~~47.990 kr~~



# Trampólín tilboð

í garðinn fyrir sumarið

**Trampolín,** 14 ft
Durasport
4,26 metrar, 6 fætur, öryggisnet fylgir. 3900586

**45.990 kr**
~~54.990 kr~~



15%

**Garðborð**
Hringlaga, þvermál 60 cm. 3899587

**4.837 kr**
~~5.690 kr~~

Nú er rétti tíminn
til að klippa



20%

BLACK+DECKER

**Rafmagnshekkklippur**
500W, blað 50 cm, klippigeta 22 mm. 5083646

**14.395 kr**
~~17.995 kr~~



20%

**Garðsett**
Vandað garðsett, tveggja sæta sófi, tveir stólar og borð. 3899597

**151.992 kr**
~~189.990 kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Reiðhjól fyrir alla fjölskylduna

## Öll reiðhjól

# 20%

## afsláttur

20" reiðhjól



20%

AUTHOR

**Reiðhjól, 20"**
Melody 20" hvítt/bleikt 10" stell, 2022 Author, 6 gíra. Hentar vel börnum frá 115 cm - 135 cm á hæð, þyngd: 10,3 kg. 3901789

**34.312 kr**
~~42.890 kr~~

20" reiðhjól



20%

AUTHOR

**Reiðhjól, 20"**
Energy 20" silfur/rautt 10" stell, 2022 Author, 6 gírar. Hentar vel börnum frá 115 cm - 135 cm á hæð, þyngd 10,6 kg. 3901788

**31.912 kr**

# umar

HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG



20%
**Sýpris**
80-100 cm.
**1.990kr**
~~2.490 kr~~

28%
Margar litasamsetningar í boði
**Sumarvöndur**
10001050
**4.990kr**
~~6.990 kr~~

**Gróðurmold**
10 ltr. 10333655
**719kr**

**Gróðurmold**
45 ltr. 10333658
**1.490kr**

Dalíur • Liljur • Anemonur
Gladíólur og fleira
30%
## Vorlaukar
Fegra garðinn

15%
**Garðbekkur**
Kingsbury, Lamu.
3899123
**14.442kr**
~~16.990 kr~~

## Allir fá íspinna
í Skútuvogi kl. 12-16
Meðan birgðir endast

Skoðaðu öll tilboðin

## 24" reiðhjól

20%
AUTHOR
**Reiðhjól, 24"**
A-Matrix 24" ljósblá/blátt 12.5"stell, 2022 Author, 18 gíra hjól. Hentar vel börnum frá 125 cm - 140 cm á hæð, þyngd: 11,7 kg. 3901791
**39.912kr**
~~49.890 kr~~

## 26" reiðhjól

20%
AUTHOR
**Reiðhjól, 26"**
A-Matrix26 26", hvítt/grátt 13,5" stell, 2022 Author, 18 gíra, þyngd: 12,9 kg, hæð: 130 - 155 cm. 3901794
**43.112kr**
~~53.890 kr~~

Umhverfisvænt, 250W, 25 km hraði, drægni 70 km
## Rafmagnshjól

enox. enjoy life
ÞÝSKT GÆÐAMERKI

20%
**Rafmagnsreiðhjól, 26"**
Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36V rafhlaða undir bögglabera, Bafang mótor að framan, hleðstutími 3-6 klst., ektro V bremsur. 3903103
**151.920kr**
~~189.900 kr~~



Á bak við einn fossinn leynist hellisskúti sem gaman er að skoða.

# Feiminn Flugustaðadalur



**Tómas Guðbjartsson**
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi



**Ólafur Már Björnsson**
augnlæknir og ljósmyndari

Á Austurlandi er ógrynni fallegra dala og sumir þekktari en aðrir. Einn þeirra lítt þekktari er ílangur en snotur Flugustaðadalur, sem felur sig inn af Álftafirði norðan Starmýrardals og sunnan Hofsdals. Úr fjarlægð lætur þessi fallegi og gróni dalur ekki mikið yfir sér, enda mynni hans þröngt og botninn víðast hvar mjósleginn með litlu undirlendi. En Flugustaðadalur leynir á sér því hann teygir sig langleiðina að Lónsöræfum, samtals 14 km leið. Eftir honum endilöngum rennur Suðurá, einnig kölluð Flugustaðaá, sem á upptök sín í svokölluðum Bláskriðum fyrir botni dalsins, undir snæviþöktum Tungutindum og Flugustaðatindum. Þeir síðarnefndu eru einkar tignarlegir og tvímælalaust ókrýndir konungar Flugustaðadals. Flestir hafa virt þá fyrir sér úr Lónsöræfum, en þaðan má ganga á þá, til dæmis frá Egilsskála, eða upp úr Flugustaðadal. Í gegnum Flugustaðadal liggur einnig algeng gönguleið á fáfarna Jökulgilstinda, en þá er gengið suður eftir litríku Jökulgili sem liggur upp úr innanverðum Flugustaðadal.

Komist er inn Flugustaðadal eftir torfærum jeppaslóða sem víða liggur í grýttum árfarvegi. Til að komast að slóðanum er ekið fram hjá bæjunum Flugumýri og Stórhóli en skammt frá þeim síðarnefnda eru Hellrar þar sem talið er að völvan Fluga hafi hafst við í hellum og skýrir Flugu-örnefnin. Skoða má þessa hella en slóðinn heldur áfram að gangnamannakofanum Markúsarseli. Þar hefst gangan inn dalinn og Suðurá fylgt sunnan megin, en utar sameinast hún enn vatnsmeiri Hofsá. Smám saman þrengist Flugustaðadalur og taka þá tilkomumikil árgljúfur við. Í hliðarám, sem sumar verður að vaða, leynast víða fallegir fossar. Á bak við einn þeirra leynist snotur hellisskúti og gaman að virða fossinn fyrir sér þaðan. Á leiðinni inn Flugustaðadal verður birkiskógur einnig á leið manns, sem vissulega má muna sinn fífil fegurri en lífgar engu að síður upp á umhverfið. Áður en komið er að botni dalsins opnast Jökulgil á vinstri hönd, handan við svokallað Sultarafréttargil. Ef gengið er upp stöllótt jarðlögin blasa Jökulgilstindarnir tveir við eins og hvítklæddir tvíburaturnar. Litadýrð í Jökulgili er mikil, sem þakka má líparíti en til að magna stemmninguna rennur eftir botni þess snarbrattur skriðjökull. Ganga inn og út Flugustaðadal tekur daginn, ekki síst ef einnig er kíkt inn í Jökulgil. Í Flugustaðadal er sjálfsagt að gefa sér góðan tíma í að skoða fossana sem tvímælalaust eru á meðal helstu djásna hans. Síðan er einnig tilvalið að slá upp tjaldi í ósnortnum dalnum og dást að snævi þöktum tindum hans. ■



Á meðal helstu djásna Flugustaðadals eru fossar sem steypast niður brattar fjallshlíðar í þröngum giljum. MYNDIR/TG



Horft inn Flugustaðadal. Suðurá í forgrunni og Flugustaðatindar fjær.





# STÓRI PLOKK-DAGURINN

## SUNNUDAGINN 24. APRÍL 2022

STÓRI PLOKK DAGURINN
#PLOKK2022

PLOKKUM Í GLÆRA POKA EÐA FJÖLNOTA SEKKI. VIÐ FÖGNUM FLOKKUÐU PLOKKI OG GÖNGUM KYRFILEGA FRÁ ÖLLU PLOKKI SVO ÞAÐ FJÚKI EKKI. MERKIÐ MYNDIR FRÁ DEGINUM MEÐ #EGPLOKKA

Reykjavík

REYKJAVÍKURBORG HVETUR ÍBÚA TIL AÐ FARA MEÐ AFRAKSTUR PLOKKSINS Í VEL LOKUÐUM, GLÆRUM POKUM Á ENDURVINNSLUSTÖÐVAR SORPU.

EINNIG MINNUM VIÐ Á ÁBENDINGAVEF REYKJAVÍKURBORGAR ABENDINGAR.REYKJAVIK.IS.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

HÚSASMIÐJAN

GÁMAR FRÁ ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGINU FYRIR PLOKK Í GLÆRUM POKUM VERÐA STAÐSETTIR VIÐ EFTIRFARANDI HÚSASMIÐJU VERSLANIR
- HÚSASMIÐJAN SKÚTUVOGI
- HÚSASMIÐJAN SELFOSSI
- HÚSASMIÐJAN AKUREYRI

GÁMAR FRÁ ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGINU FYRIR PLOKK Í GLÆRUM POKUM VERÐA STAÐSETTIR VIÐ EFTIRFARANDI KRÓNU VERSLANIR
- KRÓNAN BÍLDSHÖFÐA
- KRÓNAN FLATAHRAUNI
- KRÓNAN GRANDA
- KRÓNAN MOSFELLSBÆ
- KRÓNAN VALLAKÓR

GÁMAR FYRIR PLOKK Í GLÆRUM POKUM VERÐA STAÐSETTIR VIÐ EFTIRFARANDI ORKUSTÖÐVAR
- ORKAN DALVEGI
- ORKAN SUÐURFELLI
- ORKAN SUÐURSTRÖND
- ORKAN KLEPPSVEGI

WWW.PLOKK.IS
PLOKK Á ÍSLANDI
PLOKKISLAND
PLOKK_ICELAND

”

**Útgáfan var stórt skref fyrir mig og það er mjög persónulegt að syngja eigin texta, ég var smá smeyk en viðtökurnar hafa verið afskaplega góðar.**



Anna Gréta kynnir plötu sína á jazzhátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

# Velgengnin ekki sjálfgefin

**Jazzhátíð Garðabæjar verður haldin í 16. sinn dagana 21.-24. apríl. Listrænn stjórnandi er Sigurður Flosason tónlistarmaður.**

Í ár skartar hátíðin fjölbreyttu úrvali íslenskra jazztónlistarmanna af ólíkum kynslóðum en einnig koma gestir frá Danmörku og Svíþjóð. Aðgangur er ókeypis. Að þessu sinni fara flestir tónleikar hátíðarinnar fram í Sveinatungu, salarkynnum bæjarstjórnar að Garðatorgi 7. Einir tónleikar verða í Jónshúsi, félagsmiðstöð eldri borgara.

Hátíðin hefst með tónleikum í kvöld, sumardaginn fyrsta, kl. 20.30. Söngkonan Ellen Kristjánsdóttir leiðir tríó sem meðal annars er skipað eiginmanni hennar, píanóleikaranum Eyþóri Gunnarssyni. Á föstudagskvöldinu 22. apríl kemur fram hin vinsæla danska jazzsöngkona Cathrine Legardh. Hún og Sigurður Flosason eiga að baki langt samstarf og tónsmíðasamvinnu.

Á laugardeginum 23. apríl geta gestir notið jazztónlistar á tvennum tónleikum. Þeir fyrri hefjast kl. 15.00 í félagsmiðstöðinni Jónshúsi á Sjálandi. Þar kemur fram söngkonan Marína Ósk og flytur ásamt valinkunnum hljóðfæraleikurum brasilíska bossanova-tónlist og frumsamin lög í sama stíl. Kl. 20.30 leikur svo hið margreynda tríó Sunnu Gunnlaugsdóttur í Sveinatungu. Sunna hefur leikið mikið erlendis og er einn af máttarstólpum íslensks jazzlífs.

**Kynnir verðlaunaplötu**

Á sunnudegi kl 17.00 kynnir píanóleikarinn Anna Gréta Sigurðardóttir nýútkomna plötu sína Nightjar in the northern sky en hún var kjörin jazzplata ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum og Anna Gréta höfundur ársins.

„Þetta eru lög og textar eftir mig sem ég syng og spila á píanó og er með góða hljóðfæraleikara með mér, Skúli Sverrisson og Johan Tengholm eru á bassa, Einar Scheving er á trommum, Hilmar Jensson er á gítar og pabbi (Sigurður Flosason) spilar á saxófón, segir Anna Gréta um þessa fyrstu plötu sína sem jafnframt er verðlaunaplata. Um þessar góðu viðtökur segir hún: „Það var gaman að finna fyrir stuðningi. Útgáfan var stórt skref fyrir mig og það er mjög persónulegt að syngja eigin texta, ég var smá smeyk en viðtökurnar hafa verið afskaplega góðar.“

Hún segir textana fjalla um allt milli himins og jarðar. „Titillagið fjallar um nightjar sem er sjaldgæfur fugl á norðurslóðum og leitina að því sérstaka. Umfjöllunarefnin eru alls konar, til dæmis fjallar eitt laganna um svefnleysi. Platan er framleidd af mér og Alberti Finnbogasyni sem sá um upptöku. Það var mjög gaman að vinna með honum.“

**Verðlaunuð í Svíþjóð**

Anna Gréta, sem er farin að leggja drög að nýrri plötu, hefur búið og starfað í Svíþjóð síðan 2014. „Ég fór í nám í Svíþjóð en það var svo mikið að gera við að spila að ég var lengi að klára skólann. Kærastinn minn er frá Stokkhólmi og við búum þar og ég kann mjög vel við mig í þessari fallegu borg.“

Í Svíþjóð hefur Anna Gréta fengið Monicu Zetterlund-verðlaunin og viðurkenningu jazzklúbbsins Fasching. „Ég er þakklát, þessi velgengni er ekki sjálfgefin. Svíar hafa tekið mér opnum örmum. Þeir halda mikið upp á jazz og eiga frábæra tónlistarmenn á því sviði.“ ■



Þórir og Ingunn spila í Hofi. MYND/AÐSEND

# Hljóðs bið ek allar helgar kindir

kolbrunb@frettabladid.is

Þórir Jóhannsson kontrabassaleikari og Ingunn Hildur Hauksdóttir píanóleikari flytja tónlist eftir Zoltán Kodály, Giovanni Bottesini, Max Bruch, Árna Egilsson, Karólínu Eiríksdóttur og Þórð Magnússon. Tónleikarnir verða í Hofi sunnudaginn 24. apríl kl. 16.00. Yfirskrift tónleikanna er Hljóðs bið ek allar helgar kindir.

Þórir og Ingunn tefla fram þessari blöndu hljóðfæra í verkum sem eru samin fyrir þessa samsetningu eins og Rhapsodia Þórðar, Völukvæði Árna og Fantasia Bottesinis, eða eru aðlöguð þessum hljóðfærum, eins og Gradus ad Profundum, Kol Nidrei og Epigrammák. ■

# Fjölbreytilegur lagalisti

kolbrunb@frettabladid.is

Á sumardaginn fyrsta, í dag, fimmtudaginn 21. apríl, munu óma lög úr ýmsum áttum á hádegistónleikum í Fríkirkjunni við Tjörnina. Sú hugmynd kom upp að allir meðlimir hljómsveitarinnar myndu velja sér eitt til tvö lög á mann. Úr því kom skemmtilegur og fjölbreytilegur lagalisti. Þar má nefna Pennies from heaven sem Louis Prima gerði frægt, Underbart är kort eftir Povel Ramel, Morgunn eftir Tómas R. Einarsson og fleiri skemmtileg lög.

Flytjendur eru: Særún Rúnudóttir söngur, Lilja Eggertsdóttir söngur/raddsetningar, Kristín Sigurðardóttir söngur, Aron Steinn Ásbjarnarson saxófónn, Gunnar Gunnarsson, píanó, Þorgrímur Jónsson, kontrabassi og Erik Qvick, trommur.

Tónleikarnir hefjast kl. 12 og taka um hálfa klukkustund. Aðgangseyrir er 2.000 krónur. Ekki er tekið við greiðslukortum. ■



Sungið verður í Fríkirkjunni í hádeginu. MYND/AÐSEND

# Engar eldspúandi ófreskjur

TÓNLIST

## Kórtónleikar

**Verk eftir Duruflé, Alain og Fauré**
**Flytjendur:** Kór Langholtskirkju, Álfheiður Erla Guðmundsdóttir, Fjölnir Ólafsson og Björn Steinar Sólbergsson
**Stjórnandi:** Magnús Ragnarsson
**Hallgrímskirkja**
laugardagur 16. apríl

Jónas Sen


Magnús Ragnarsson stjórnaði af smekkvísi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sálumessa Gabriels Fauré er svo falleg að vart er hægt að lýsa henni með orðum. Tónskáldið samdi hana ekki eftir pöntun eins og Mozart, heldur í minningu föður síns, og er hún þrungin sannri trúartilfinningu. Hún er laus við ofsafengið dramað í velflestum sambærilegum verkum, þar sem kvalir syndugra sálna í hreinsunareldinum eru gjarnan aðalatriðið, og eldspúandi ófreskjur flögra um.

Til gamans má geta að ein frumleg hugmynd um helvíti er að þar séu eingöngu leikin misheppnuð tónverk eftir léleg tónskáld. Glymja þau í eyrum syndaranna án afláts. Engin man eftir þessum tónskáldum í dag, en þar neðra vita sko allir hver þau eru. Ef þetta er ekki helvíti, þá veit ég ekki hvað er það. Sálumessa Faurés á hins vegar heima á himninum, og hlýtur að vera uppáhaldstónverk Guðs.

Sálumessan var flutt í Hallgrímskirkju laugardaginn fyrir páska af Kór Langholtskirkju. Af hverju tónleikarnir fóru ekki fram í þeirri kirkju veit ég ekki, en Hallgrímskirkja er síst verri ef maður situr sæmilega nálægt flytjendum. Aftar í kirkjunni fer bergmálið að hafa miður góð áhrif.

### Lágstemmd og hógvær

Verk Faurés er til í nokkrum hljóðfærasamsetningum, en hér var flutt útgáfa þar sem eingöngu var leikið á orgel. Það gerði ekkert til. Tónlistin er að mestu lágstemmd og hógvær og orgelið umvafði kórsönginn einkar fallega, skapaði honum hugljúfa umgjörð. Kórinn söng af næmi og innileika, söngurinn var hreinn og í prýðilegu jafnvægi. Útkoman var einstaklega áhrifarík. Magnús Ragnarsson stjórnaði og gerði það af smekkvísi. Ljóðræna var í tónlistinni sem var ákaflega sannfærandi. Það var yfir henni andakt og helgi sem átti þar fyllilega heima.

Tveir einsöngvarar komu fram, en hlutverk þeirra voru ekki veigamikil miðað við ýmsar aðrar sálumessur. Fjölnir Ólafsson baríton söng af einlægni og sannri tilfinningu, rödd hans var þróttmikil og breið. Álfheiður Erla Guðmundsdóttir sópran söng svo einn þekktasta kaflann í sálumessunni, Pie Jesu, en þar var eingöngu orgelundirleikur; kórinn kom hvergi við sögu. Pie Jesu er oft sunginn af drengjasópran, það þarf að vera þannig birta og tærleiki í túlkuninni. Álfheiður náði þessu fullkomlega, söngur hennar var einstaklega fagur og gæddur viðeigandi bænahita.

> ” Sálumessa Faurés á hins vegar heima á himninum, og hlýtur að vera uppáhaldstónverk Guðs.

### Lifandi og kraftmikill

Björn Steinar Sólbergsson lék á orgelið og gerði það af ögun og nákvæmni. Hann spilaði líka á undan sálumessunni Prelúdíu og fúgu um nafnið Alain eftir Maurice Duruflé. Leikur hans var lifandi og kraftmikill, notaleg stígandi var í tónlistinni, akkúrat eins og hún átti að vera.

Loks ber að geta Vocalise dorienne – Ave Maria eftir Jehan Alain, sem var sungin af Álfheiði og Björn Steinar lék með. Það var hrífandi tónlist sem komst ágætlega til skila í mögnuðum flutningi. Þetta voru dásamlegir tónleikar og yndislegur inngangur að páskunum. ■

**NIÐURSTAÐA:** Frábærir tónleikar með einstakri tónlist.


MARÍUGATA 28
Urriðaholti - 210 Garðabæ

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali



OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 21 apríl. kl 14.00-16.00
Bókið skoðun í síma 6966580 og/eða thorgeir@fstorg.is

Nýtt í sölu stórglæsilegar 3-5 herbergja íbúðir í fjögurra hæða fjölbýli. Mjög vandaðar íbúðir af öllum stærðum og gerðum. Frá 90-134 fm. Sérafnotareitur á jarðhæð. Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum frá Parka og Nobilia innréttingar frá GKS og kvartsborðplata frá Rein. Með stærri íbúðum fylgja hjónasvíta og stæði í bílageymslu
**Verð frá 65.900.000 kr**

**Maríugata 28**
Glæsilegar 3ja til 4ra herbergja íbúðir á fallegum stað efst í Urriðaholtinu. Um er að ræða 14 íbúða steinsteypt hús á fjórum hæðum, íbúðirnar eru af fjölbreyttum stærðum og gerðum. Eingangrað að utan og klætt með álklæðningu með bílageymslu á 1. hæð fyrir 7 bíla.

- Öll innanhúshönnun er í höndum Tvíhorf arkítekta.
- Allar innréttingar eru frá Nobilia, GKS trésmiðju. Ýmist klæddar svartri viðaáferð eða hvítar.
- Ljós kvarststeinn er á borðum eldhús og baðherbergis.
- Heimilistæki eru frá AEG
- Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar með harðparket frá Parka, öll votrými flísalögð.
- Innbyggður ísskápur og uppþvottavél fylgir öllum íbúðum!
- Stæði fylgir stærri íbúðunum






Verð: frá 65,9 millj.

Herbergi: 3-5
Stærðir: 90-134.2 m²

Þorgeir Símonarson
fasteignasali
gsm: 696 6580
thorgeir@fstorg.is

Rebekka Rosinberg
fasteignasali
gsm: 776 8624
rebekka@fstorg.is



## Horft um öxl



Ári seinna stendur Sky Lagoon undir nafni sem vel heppnuð heilsulind. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Laglegasta lón í Kópavogi

Nú er ár liðið síðan Sky Lagoon heilsulindin í Kópavogi var opnuð. Forsvarsmenn hins manngerða lóns hafa lagt upp með svokallað rítúal, að í sjö skrefum sé hægt að kynnast töfrum íslenskrar náttúru með íslenska vatninu og ferska loftinu. Á íslenskum stafrænum kaffistofum árið 2021, var keppst um að tikka í heitustu afþreyingarboxin: hver var búinn að labba upp að gosi, hver var búinn að baka súrdeigsbrauð í heimsfaraldrinum og hver hafði heimsótt Skýjalónið, sem markaðssett var með erlenda ferðamenn í huga.

Ári eftir opnun hafa plastglösin rispast og viðurinn veðrast og montrassarnir sem mættu fyrstir hafa sest niður og fundið sér eitthvað nýtt að gera. Sky Lagoon tekst þrátt fyrir það að standa undir nafni sem einstaklega vel heppnuð heilsulind. Hönnun lónsins gerir að verkum að hægt er að njóta næðis og fjöldi gesta verður aldrei yfirþyrmandi. Með stórbrotnu útsýni yfir Reykjanesið, sem vafalítið hefur verið enn stórbrotnara á meðan tíðrætt gos átti sér stað, hefur hönnuðum tekist að skapa eitthvað sérstakt.

Í Sky Lagoon er einn fallegasti gufuklefi landsins, með heil-glervegg sem snýr beint út að hafinu, með Keili og forsetabústaðinn við sjóndeildarhring. Heimsókn í lónið er frábær leið fyrir heimamenn til að kynnast sínu eigin landi með augum ferðamannsins. Umgjörðin og aðstaðan er smekkleg og lónið virkar bæði í ljósi og myrkri og að vetri sem sumri. Hvað sem innfæddum kann að finnast um rigningarklefann, sem kann að minna Íslending á opna svalahurð í mars, eða töfra íslenskrar náttúru í sjö skrefum, er lónið í Kópavogi heimsóknarinnar virði. ■

# Fórnir og fortíðarmál Gusgus

**Impossible Band er titill heimildarmyndar um sögu fjöllistahópsins Gusgus, sem nú er í vinnslu. Forsprakkar sveitarinnar standa að framleiðslu myndarinnar og segja hana varpa ljósi á mannlega þáttinn í sögu bandsins.**

ninarichter@frettabladid.is



Siggi Kinski og Stefán Árni standa að framleiðslu Impossible Band, kvikmyndar um sögu fjöllistahópsins Gusgus. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Leikstjórarnir Stefán Árni og Siggi Kinski, sem saman mynda dúóið Árni & Kinski, standa nú í hópfjármögnun fyrir nýjustu kvikmynd sína Impossible Band, sem fjallar um 27 ára feril Gusgus, sem þeir stofnuðu árið 1995. Fjármögnunin fer fram á Karolinafund.

**Stofnuðu sveitina árið 1995**

Að sögn Sigga Kinski hafa þeir ekki unnið með sveitinni síðustu 18 ár, en sjálfur hafi hann byrjað að vinna með þeim í tónlist fyrir nýjustu plötuna Mobile Home, sem kom út á síðasta ári. „Og þar af leiðandi drógumst við báðir inn í að vinna með þeim,“ segir hann. Leikstjóradúóið gerði tónlistarmyndbönd fyrir plötuna og stóð að undirbúningi 25 ára afmælistónleika sem fram fóru í Hörpu í vor. „Þá förum við að sjá aðeins dýnamíkina í Gusgus, eins og hún er í dag,“ segir hann.

„Við tveir vorum þeir sem upprunalega hringdum í Daníel og ég og Daníel ákváðum að gera tónlist. Stefán þekkir Birgi og þannig varð þessi hópur til,“ segir Siggi. „Hann varð ekki til af því að allir voru svo hressir með að vinna saman.“ Þvert á móti hafi þeir smalað saman hópi sem átti lítið sameiginlegt fram að því.

**Poppstjörnudraumar kvikna**

Siggi ítrekar að meðlimir hafi verið mjög ólíkir. „Síðan allt í einu fáum við inn á borð til okkar plötusamning, ég segi við, af því að við höfðum framleitt fyrstu Gusgus-plötuna hér á Íslandi,“ segir hann. „Þá hafði þetta allt í einu orðið eitthvað allt annað en þetta var í upphafi – og einhverjir stórir draumar sem einhverjir höfðu um að verða poppstjörnur byrjuðu að kikka inn.“

Að sögn Sigga var Gusgus órafjarri kjarnahljómsveitarforminu, líkt og í tilfelli hljómsveita eins og U2 eða Nýdanskrar. „Þar er bara hópur af fólki sem hefur alist upp saman. En Gusgus byrjaði bara svo allt öðruvísi, vegna þess að við gerðum stuttmynd og ákváðum að ráða Magga Jóns sem dæmi, sem leikara. Og Emilíana var leikkona,“ segir hann. „Svo hugsuðum við: Hey, gerum tónlist úr þessu. Þannig varð hópurinn til.“

> ”
> **Þá hafði þetta allt í einu orðið eitthvað allt annað en þetta var í upphafi – og einhverjir stórir draumar sem einhverjir höfðu um að verða poppstjörnur byrjuðu að kikka inn.**
>
> Siggi Kinski

**Vel heppnaðir tónleikar**

Stefán Árni segist í gegnum árin alltaf hafa verið í góðu sambandi við Daníel Ágúst, en ekki í miklu návígi við Bigga. „Hann er mjög sérstakur karakter, mjög mikil jarðýta. Dýnamíkin í Gusgus í dag er það sem gerði okkur sem kvikmyndagerðarmenn áhugasama um hvernig þetta gerðist. Þetta er mjög stór saga og stór hluti af tónlistarsögu Íslands, án þess að því hafi verið gerð skil,“ segir hann og bætir við að afmælistónleikarnir í Hörpu fyrr á árinu hafi verið frábær upplifun fyrir alla. „Þetta var ótrúlega vel heppnað.“

**Sorg og gleði í myndinni**

Aðspurður hvers vegna ekki allir fyrrum meðlimir sveitarinnar hafi komið að tónleikunum, svarar Siggi að Gusgus fylgi alltaf núningur eða spenna. „Annars væri það ekki Gusgus. En þessir tónleikar voru mjög heilandi held ég, fyrir alla sem tóku þátt í þeim. En það voru nokkrir sem voru ekki með. Hafdís var ekki með, Urður var ekki með, og það eru ástæður sem þær hafa fyrir því. En við viljum betur skoða þetta allt í þessari mynd,“ segir hann. „Ég myndi segja að þar sé sorg og gleði og ýmislegt sem á eftir að kafa ofan í og heila.“ Hann bætir við að þegar þeir hafi farið út úr sveitinni hafi það ekki verið í góðu. „En það var skilningur á því hvað var að gerast. Það var ástæða fyrir því að Daníel hætti, það var ástæða fyrir því að ég hætti.“

*Geturðu útskýrt það?*

„Nei, ég held að við bíðum með það,“ svarar Siggi.

**Flestallir með stór egó**

„En fólki fannst mikið í húfi, hvort sem það voru peningar eða annað. Og það voru flestallir í þessari grúppu með mjög stór egó og höfðu rétt fyrir sér og fannst hlutirnir eiga að vera eins og þeir vildu hafa þá,“ segir Siggi. Þannig sé mikið af „djúsí efni“ í myndinni.

„Við viljum aðstoða þetta barn okkar, sem við fæddum óvart, við að halda áfram að dafna og vaxa,“ segir Siggi. „Gera hvað sem við getum til að stuðla að því. Þessi mynd verður mjög mikilvæg fyrir söguna, og vonandi fyrir fólkið sem tekur þátt í henni.“

**Framlenging af Gusgus**

Aðspurður um erindi myndarinnar segir hann að hér sé um að ræða heilsteypt listaverk, sem í rauninni sé framlenging af Gusgus. „Við elskum tónlist og við elskum kvikmyndir og það eru stórkostlegar heimildarmyndir sem hafa verið gerðar af tónlistarmönnum og um tónlistarmenn,“ segir hann og segir leikstjóradúóið ætla að setja hið mannlega og breyska í fókus. Trúna og metnaðinn og ekki síst fórnirnar. „Fólk hefur þurft að fórna sér og fólki hefur verið fórnað,“ segir Siggi. ■






# 20% afsláttur

## af öllum Clarins vörum

## 21. - 27. apríl

Veglegur kaupauki* fylgir þegar verslað er fyrir 8.900 kr. eða meira.

*Gildir meðan birgðir endast

**HAGKAUP**

HRINGBRAUT

Í KVÖLD




FRÉTTAVAKTIN

Kl. 18.30 og kl. 20.30



MANNAMÁL

Kl. 19.00 og kl. 21.00



SUÐURNESJAMAGASÍN

Kl. 19.30 og kl. 21.30




PRESSAN

Kl. 20.00 og kl. 22.00




Sævar Helgi segir eitt af markmiðum bókarinnar vera að efla vísindalæsi hjá börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

# Valdefling með vísindalæsi

**Sævar Helgi Bragason sendir frá sér bókina Umhverfið, þar sem hann fjallar um umhverfismál fyrir börn á aðgengilegan og valdeflandi hátt.**

tsh@frettabladid.is

Umhverfi er önnur bókin í bókaflokknum Vísindalæsi eftir Sævar Helga Bragason með myndum eftir Elísabetu Rún en í fyrra sendu þau frá sér bókina Sólkerfið.

„Þessi bók er öðruvísi en aðrar bækur sem fjalla um umhverfismál. Í henni er áherslan á að segja sögur af fólki sem bjargaði mannkyninu frá sjálfu sér. Vísindafólki sem uppgötvaði hvað við vorum að eyðileggja og hvernig okkur tókst svo að leysa vandann,“ segir Sævar.

Á meðal þeirra sem fjallað er um í bókinni eru dýrafræðingurinn Rachel Carson sem skrifaði bókina Raddir vorsins þagna, sem leiddi til þess að reglur voru hertar um notkun skordýraeiturs, og vísindamaðurinn Clair Patterson sem uppgötvaði hættuleg áhrif blýmengunar.

„Í bókinni er líka fjallað um loftslagsbreytingar. Í stað þess að segja krökkum að þeir verði að gera hitt og þetta, eru þeir einfaldlega hvattir til þess að fræðast og nýta áhrif sín með því einfaldlega að tala um

> **Það er alveg fyllsta ástæða til að hafa áhyggjur en eina lækningin gegn því er að reyna að laga vandamálið.**

vandann, en sérstaklega lausnirnar við fullorðna fólkið,“ segir Sævar.

### Næsta kynslóð miklu betri

Að sögn Sævars Helga skrifaði hann bókina til að valdefla börn og hjálpa þeim að takast á við loftslagskvíða.

„Ég hitti stundum krakka og finn það á þeim að þeir kvíða svolítið fyrir framtíðinni. Ég held það sé bara einfaldlega vegna þess að þau hafa ekki fengið nægilega mikla fræðslu og hafa heldur ekki fengið nægilega mikla fræðslu um þær lausnir sem verið er að vinna að.“

Sævar Helgi, sem titlar sig vísindamiðlara, hefur unnið ötullega að því undanfarin ár að fræða börn og unglinga um umhverfismál og vísindi. Spurður um hvort honum finnist krakkar í dag vera meðvitaðir um þessa hluti segir hann:

„Ég er sannfærður um að næsta kynslóð sé miklu betri heldur en nokkurn tíma kynslóðin okkar. En þau upplifa mörg hver samt sem áður einhvers konar vonleysi og finnst lítið vera að gerast. Það er satt að mörgu leyti en eina leiðin til þess að laga það er að leysa vandann og við höfum frábær dæmi úr sögunni þar sem okkur tókst það.“

### Fyllsta ástæða til áhyggja

Eins og áður sagði er bókinni ætlað að auka vísindalæsi hjá börnum. Spurður um hvort honum finnist vísindalæsi vera ábótavant hér á landi segir Sævar Helgi:

„Já, ég finn alveg áberandi fyrir því að vísindalæsi er ekkert sérstaklega gott og þessar bækur eru þar af leiðandi ekkert síður fyrir fullorðna fólkið. Ég hef heyrt frá foreldrum að krakkarnir þeirra séu að lesa bækurnar fyrir mömmu og pabba.“

*Hvað myndirðu segja við fólk sem upplifir vonleysi gagnvart loftslagsbreytingum?*

„Það er alveg fyllsta ástæða til að hafa áhyggjur en eina lækningin gegn því er að reyna að laga vandamálið. Við getum gert ótrúlega margt upp á eigin spýtur sem dregur ekki úr lífsgæðum okkar heldur eykur þau. Gerir lífið bókstaflega betra og ódýrara. En svo er náttúrulega líka mikilvægt að tileinka sér allar þessar lausnir sem verið er að vinna að sem eru úti um allt,“ segir Sævar Helgi að lokum. ■

# Sjúkrabílabangsar skipta sköpum

ninarichter@frettabladid.is



Sjúkrabílabangsar eru litlir vinir fyrir börn sem þurfa á þjónustu sjúkrabíls að halda. MYND/AÐSEND

Sjúkrabílabangsar eru fimm ára gamalt verkefni á Íslandi sem unnið er að skandinavískri fyrirmynd. Fjórir starfsmenn Foldaskóla höfu verkefnið og er Arndís Hilmarsdóttir einn þeirra. „Við ákváðum að gera þetta á landsvísu og fengum því tengla víða um landið sem hafa sinnt þessu á hverjum stað fyrir sig,“ segir Arndís.

„Þetta hefur legið aðeins niðri í Covid, vegna þess að við vorum ekki vissar um hvort hægt væri að koma þessu í sjúkrabílana á þeim tíma,“ segir hún.

Frá upphafi verkefnisins hafa þær skilað tvö- til þrjú hundruð böngsum af sér, einu sinni til tvisvar á ári.

Aðspurð segir Arndís viðbrögðin hafa verið góð. „Það hefur komið fyrir að fólk hafi samband og við höfum deilt þeim sögum á Facebook-síðunni þegar fólk hefur gefið leyfi. Við birtum ekki neitt án leyfis,“ segir hún.

Á Facebook-síðu verkefnisins



Arndís Hilmarsdóttir

má finna uppskrift að prjónuðum bangsa. Hafi fólk áhuga á að taka þátt geti það prjónað bangsa og komið þeim til Slökkviliðsins við Skógarhlíð 14 í Reykjavík, eða til tengiliða á landsbyggðinni.

„Við höfum haft samband og beðið þau um að láta okkur vita þegar hefur vantað bangsa, en það hefur aldrei náð þeim punkti. Þannig að við höfum náð að anna eftirspurninni,“ segir Arndís.

„Út frá þeim sögum sem við höfum fengið hefur þetta skipt sköpum fyrir þá krakka sem hafa fengið bangsa,“ segir hún. „Við ætlum að útvíkka þetta líka í lögreglubílana, en það er einn lögreglumaður í Keflavík sem við höfum látið fá bangsa.“ Að sögn Arndísar er prufuverkefni þar í gangi sem er ekki sé komið langt. „En ég vona að það gangi líka,“ segir Arndís. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*


NÝTT
NÝTT
NÝTT
NÓA
Sumar Trítlar
Súper súrir Trítlar í sumarskapi
TAKMARKAÐ MAGN
375 g
Súper súrir Trítlar í sumarskapi
Sumartrítlarnir í ár eru súper súrir en alltaf ferskir, litríkir og gríðarlega hressandi! Nældu þér í poka á meðan birgðir endast. Gleðilegt Trítlasumar!
Ábyrg hráefnisframleiðsla með sjálfbærni að leiðarljósi

# SUMARHÁTÍÐ DORMA Í DAG

## Smáratorgi og Holtagörðum

## kl. 11 - 17



**www.dorma.is**
VEFVERSLUN
**ALLTAF OPIN**

## STELLA 3ja sæta

EXTRATILBOÐ **40%** AFSLÁTTUR



3ja sæta. Gænt eða blátt áklæði. Einnig fáanlegur 2ja sæta og hægindastóll með 40% afslætti.

221 x 85 x 78 cm
**Fullt verð: 139.900 kr.**
Nú **83.920 kr.**



EXTRATILBOÐ **30%** AFSLÁTTUR

## BERMUDA útisófasett

Fallegt garðsett úr svörtu Polyrattan. Tveir 2ja sæta sófar og borð. Hægt er að raða á marga vegu.

210 x 210 x 80cm
**Fullt verð: 179.900 kr.**
Nú **125.993 kr.**

## Nature's REST LUXURY heilsudýna

EXTRATILBOÐ **30%** AFSLÁTTUR



**Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.**

Natures Luxury er frábær heilsudýna með 20 cm háum pokagormum sem eru svæðaskiptir, mýkri á mjöðmum og öxlum til að halda náttúrulegri sveigju í líkama okkar á meðan við sofum. Dýnan er samansett úr 5 lögum af mismunandi svampi með 4 cm minnissvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum. Hæð Natures Luxury er 33 cm, en þar af er þykk yfirdýna sem gerir dýnuna einstaklega þægilega. Natures Luxury er með vönduðu áklæði sem andar einstaklega vel. Dýnan er millistíf en aukalögin af svampinum gefa sérstaka lúxustilfinningu þegar lagst er í hana. Natures Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm. **Sérlega vönduð gormadýna.**

Nature's Bedding

CONFIDENCE IN TEXTILES

| 140x200 cm | 160x200 cm | 180x200 cm |
|---|---|---|
| **Fullt verð: 54.900 kr.** | **Fullt verð: 59.900 kr.** | **Fullt verð: 64.900 kr.** |
| Nú **38.430 kr.** | Nú **41.930 kr.** | Nú **45.430 kr.** |

## LICATA sófar



EXTRATILBOÐ **30%** AFSLÁTTUR

| Licata tungusófi hægri eða vinstri River 66 dökkgrár 265 x 164 x 82cm. | Licata U-sófi hægri eða vinstri Kentucky koníak. 366 x 226 x 82cm. | Licata 3ja sæta sófi. River 66 dökkgrátt áklæði 199 x 94 x 82cm. |
|---|---|---|
| **Fullt verð: 244.900 kr.** | **Fullt verð: 369.900 kr.** | **Fullt verð: 169.900 kr.** |
| Nú **171.430 kr.** | Nú **258.930 kr.** | Nú **118.930 kr.** |

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugard. kl. 11-17
Sunnud. LOKAÐ

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# TAXFREE

## afsláttur af öllum vörum í dag*

# Extratilboð

## 30-40% afsláttur af völdum vörum**

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir af öllum vörum nema vörum frá Simba. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma

** Extratilboð gilda til og með 25. apríl

EXTRATILBOÐ 30% AFSLÁTTUR af völdum Boltze vörum



Mikið úrval af skrautgreinum.
**Fullt verð frá: 990 kr./stk**
**Nú 693 kr./stk.**



Boltze Filo karfa. H20 cm.
**Fullt verð: 4.990 kr. Nú 3.493 kr.**



Boltze pálmatré. H165 cm.
**Fullt verð: 15.990 kr. Nú 11.193 kr.**



Boltze Nobby útipottur. H31 cm.
**Fullt verð: 9.990 kr. Nú 6.993 kr.**



Boltze blóm í potti. 4 gerðir.
**Fullt verð: 2.490 kr./stk.**
**Nú 1.743 kr./stk.**

## KOLDING
hægindastóll með skammel

EXTRATILBOÐ 30% AFSLÁTTUR



Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða grátt leður/PVC.
**Fullt verð: 169.900 kr.**
Nú **118.930 kr.**



Stillanlegur hægindastóll með skemli. Dökkgrátt eða ljósgrátt áklæði.
**Fullt verð: 139.900 kr.**
Nú **97.930 kr.**

## BOGGIE
sófi



3ja sæta sófi með Fiesta brúnu áklæði. 186 x 77 x 85 cm.
**Fullt verð: 119.900 kr.**
Nú **71.940 kr.**

EXTRATILBOÐ 40% AFSLÁTTUR

## STEETON hornsófi



Dökkgrænt áklæði. 283 x 283 x 90 cm.
**Fullt verð: 469.900 kr.**
Nú **281.940 kr.**

EXTRATILBOÐ 40% AFSLÁTTUR

## FAIRFIELD tungusófi



Tungusófi í Kentucky brandy bonded leðri. Hægri eða vinstri tunga. 282 x 164 x 71 cm.
**Fullt verð: 359.900 kr.**
Nú **233.935 kr.**

EXTRATILBOÐ 35% AFSLÁTTUR

*Verslanir Dorma á Akureyri og Ísafirði eru lokaðar í dag en vefverslun www.dorma.is er alltaf opin.*

DORMA
Láttu drauminn rætast

frettabladid.is
550 5000
**RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is
**AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is
**PRENTUN** Torg ehf.
**DREIFING** Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is
JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Sigraðu sumarið
Opið á sumardaginn fyrsta
nettó

■ Bakþankar



Stefáns Ingvars Vigfússonar

# Ég á grill, annar kafli

Ég á grill. Við erum löskuð eftir veturinn, grillið mitt og ég. Það fauk um koll í vetur eins og ég, eins og við öll, og ég reisti það samviskusamlega við og það fauk aftur um koll og ég beið með að reisa það við þangað til að lægðin væri örugglega gengin yfir. Henni fylgdi önnur lægð og svo önnur og svo önnur og svo framvegis og svo framvegis, og við lágum kylliflöt. Grillið mitt og ég, grillið mitt og við öll.

Suma morgna dró ég frá glugganum inni í svefnherbergi og horfði út á snæviþakið grillið, liggjandi á hlið eða á bakinu og velti því fyrir mér hvað væri brotið, hvort það tæki því að reyna að gera við það. Suma morgna lá ég á bakinu og hlustaði á fréttirnar og velti því fyrir mér hvað væri brotið, hvort það tæki því að reyna að gera við það. Hvort okkur væri betur borgið annars staðar, grillinu mínu og mér, grillinu mínu og okkur öllum.

„Það lifði fallið af!“ segir nágranni minn eitt kvöldið þegar ég er að grilla. „Föllin!“ segi ég og hlæ. Við hlæjum bæði, það er fyndið að eiga grill sem er alltaf að fjúka á hliðina. Grill eiga ekki að fjúka, grill eiga að hverfa á veturna, við viljum ekki sjá þau þakin snjó, við viljum ekki sjá þau fjúka. Grill eru eins og skítugu börnin hennar Evu þegar vont er í veðri.

„Ertu að vígja grillið fyrir sumarið?“ spyr annar nágranni minn. „Já, hvernig var úti?“ spyr ég. „Frábært.“ „Æði, ég var að fá kettling.“ Síðan fer hann og ég horfi yfir hverfið, við erum öll svolítið lúin eftir veturinn, trén, grillin og ég. Ég á grill. ■

PARTÝBÚÐIN
Fermingarskraut
Faxafeni 11,
108 Reykjavík
www.partybudin.is
PARTÝBÚÐIN

